



## Listin að lifa



Ég er engin hetja og auðvitað takast á alls konar tilfinningar

„Þegar spurt er um lífslíkur þá er einhver tölfraedi og í minni tilviki kemur hún ágætlega út,“ segir Karl Sigurbjörnsson fyrrverandi biskup. Hann glímir við krabbamein en er ákveðinn í að njóta lífsins. ➔ 20



Af nógu að taka á Menningarnótt Fjórir menningarmógúlar velja sér viðburði. ➔ 18




Lifandi faði breytti öllu til hins betra Dansarinn Þyri Huld ræktar heima. ➔ 24



Chris Koch fæddist handa- og fótalaus Tekur þátt í Reykjavíkummaráþoninu um helgina. ➔ 26

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



SMÁRALIND

ALLT Í SKÓLANN OG MEIRA TIL

OPIÐ TIL 18 ALLA HELGINA

## Veður



Norðvestan strekkingur og dáltil rigning fram eftir degi á Norðaustur- og Austurlandi, en léttir til seinni partinn. Hægari vindur í öðrum landshlutum, þurr og sólríkt veður.

SIÁ SIÐU 38

## Hafnar ásökun landsliðskonu

**ÍÞRÓTTIR** Þórður Georg Lárusson, fyrrverandi landsliðsþjálfari kvenna í knattspyrnu, hafnar ásökunum sem Þóra Helgadóttir, fyrrverandi landsliðskona, bar á hann á ráðstefnu um „Kyn og íþróttir“ á fimmtudag.

„Þær ásakanir eiga ekki við nein rök að styðjast. Svo langt var gengið að vísa til þess að ég eigi að hafa verið drukkinn í landsliðsverkefni og reynt að fá leikmenn liðsins upp á herbergi með mér. Þessum ásökunum vísa ég alfarið á bug,“ segir Þórður í yfirlýsingu.

**Því síður hefði mér dottið í hug að reyna að fá leikmenn til þess að koma upp á herbergi.**

Þórður Georg Lárusson, fyrrverandi landsliðsþjálfari kvenna í knattspyrnu

Þórður kveðst aldrei hafa blandað saman áfengi og vinnu. „Og því síður hefði mér dottið í hug að reyna að fá leikmenn til þess að koma upp á herbergi með mér. Það geta þeir sem mig þekkja vitnað til um. Það er ljóst að ef ég hefði verið undir áhrifum áfengis og freistað þess að misnota stöðu mína hefði verið tekið strax á slíku máli,“ segir Þórður. Sér sé misboðið að vegið sé að persónu sinni og æru með slíkum aðdróttunum.

„Ég hef alla tíð freistað þess að leggja mig allan fram í verkefnum mínum, hvaða nafni sem þau nefnast. Það kann vel að vera að leikmenn liðsins hafi verið ósattir við þjálfunaraðferðir mínar, enda lögðust þær gegn því að ég heldi áfram með liðið. Það er eitt. Það er hins vegar allt annað að bera mig alvarlegum ásökunum um að ég hafi freistað þess að misnota aðstöðu mína. Það myndi ég aldrei gera og vísa ég þeim ásökunum algerlega á bug,“ segir í yfirlýsingu Þórðar sem kveðst ekki munu tjá sig frekar um málið. – gar

## Tólfti bikarmeistaratitill Blika



Breiðablik vann bikarmeistaratitilinn í kvennaflokki 2018 eftir sigur á Stjörnunni á Laugardalsvelli í gærkvöldi. Fögnuðu Blikakonur 2-1 sigri að hætti hússins með mjólk í hönd enda var bikarinn endurskírður Mjólkurbikarinn í vor. Leikurinn var braðfjörugur. Sjá síðu 16. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Ákærður fyrir peningapvætti

**DÓMSMÁL** Júlíus Vífill Ingvarsson, fyrrverandi borgarfulltrúi, hefur verið ákærður af héraðssáksóknara fyrir peningapvætti.

Ólafur Þór Hauksson héraðssáksóknari segir að ákær, dagsett 28. júní, hafi ekki verið birt Júlíusi Vífli.

Júlíus Vífill segir á Facebook að sér finnst eins og hann hafi „staðið í veðurbáli“ síðustu tvö árin. Héraðssáksóknari hafi kannað ásakanir sem lagðar voru fram í Kastljóss-þætti um Panama-skjölín í apríl 2016 með þeirri niðurstöðu að ekki sé fótur fyrir þeim. Hann hafi hins vegar birt honum ákæru sem snúi að skattamálum. Júlíus segir að það séu honum mikil vonbrigði.

„Ég tel engar lagalegar forsendur vera fyrir ákærinni og mun auðvitað takast á við hana fyrir dómstólum. Það mál verður útklað á þeim vettvangi.“ – smj

## Þingmaður VG segir eðlilegt að veiða hval

Formaður atvinnuveganefndar Alþingis, Lilja Rafney Magnúsdóttir, segir eðlilegt að nýta sjálfbæra stofna við landið. Flokkur Lilju hefur hins vegar lagst gegn hvalveiðum. Hún segir orðspor Íslands ekki hafa beðið hnekki af veiðunum.

**SJÁVARÚTVEGUR** Lilja Rafney Magnúsdóttir, formaður atvinnuveganefndar og þingmaður VG, segir eðlilegt að nýta hvali hér við land og veiða þá ef stofnarnir eru sjálfbærir og nýtanlegir. Viðhorf hennar stangast á við samþykkt flokksins á flokksþingi á Selfossi í október 2015 þar sem flokkurinn lagðist gegn hvalveiðum.

„Mér finnst eðlilegt að þetta sé endurmetið með reglulegum hætti. Ég hef verið inni á þeirri skoðun að Íslendingar eigi að viðhalda sínum rétti til sjálfbærra veiða á þeim hvalategundum og þeim stofnum sem taldir eru sjálfbærir og nýtanlegir,“ segir Lilja Rafney. „Það er alltaf full þörf á endurmati á því ef ábendingar koma fram. Þá er sjálfsagt að það sé gert af stjórnvöldum.“

Þetta stangast á við samþykktir VG frá árinu 2015. „Við veiðarnar er beitt ómannúðlegum veiðiaðferðum til að viðhalda áhugamáli örfárra útgerðarmanna. Háum upphæðum af opinberu fé hefur verið kastað á glæ til að styrkja þessa áhugamenn um hvalveiðar. Nú er mál að linni,“ segir í samþykktinni.

Veiðar Hvals hf. á langreyðum hófst aftur í síðasta mánuði eftir tveggja ára hlé og hafa mætt mikilli andstöðu. Einnig komust veiðarnar í heimspressuna þegar dregið var á land afkvæmi steypireyðar og langreyðar. Félagið Jarðarvinir hefur kært þá veiði og er kærna til meðferðar hjá lögreglunni á Vesturlandi.

Lilja Rafney telur hins vegar eðlilegt að ríkið skoði þessar veiðar ef einhver óskar þess. „Það geta komið



Hvalveiðar hér við land hófust að nýju árið 2006. Fyrsta langreyðurin á þessari öld kom til hafnar í Hvalfirðinum í júní árið 2013. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



Lilja Rafney Magnúsdóttir.

ábendingar frá ferðaþjónustunni til dæmis og mér finnst sjálfsagt ef það kemur ósk um slíkt að stjórnvöld taki stöðuna og skoði það,“ segir Lilja og telur orðspor Íslands ekki hafa skaðast af þessum veiðum. „Ég hef ekki forsendur til að meta það og hef ekki séð rökstuðning sem segir að það skaði okkar orðspor heilt yfir.“ sveinn@frettabladid.is

## Kenya

Safari og strönd | 3. – 15. nóvember

**Verð frá: 569.900 kr. og 12.500 Vildarpunktar.**  
 Á manni m.v. 2 í herbergi  
 Verð án Vildarpunkta: 579.900 kr.  
 Fararstjórar eru Elín Þorgeirsdóttir og Borgar Þorsteinsson.

VITA | Skógarhlíð 12 | Sími 570 4444 | VITA.IS

# Gleðilega hátíð

Landsbankinn er máttarstólpi Menningarnætur og hefur verið allt frá því að Menningarnótt var fyrst haldin. Við tökum virkan þátt í hátíðarhöldunum og bjóðum upp á fjölbreytta dagskrá í útibúi bankans í Austurstræti 11 á Menningarnótt.

Kl. 13.00 / 14.00 Listaverkaganga

Kl. 15.00 Leikhópurinn Lotta

Kl. 16.00 Ronja ræningjadóttir

Kl. 16.30 Högni Egilsson

Kl. 17.00 Úlfur Úlfur

Verið hjartanlega velkomin.




TÖLUR VIKUNNAR 12.08.2018 - 17.08.2018



12 milljarðar króna eru efri mörk upphæðar sem flugfélagið WOW air hyggst aftla sér með útbóði á skuldbréfum.



Þúsund króna sekt var lögð á veiðiþjófa sem gripnir voru í Kjarrá í Borgarfirði í fyrrasumar.



11,3 milljónir króna fóru í sálfræðireikninga vegna eineltis hjá Reykjavíkurborg á síðustu fimm árum.

799 milljóna króna virði af eignum þriggja meðlima hljómsveitarinnar Sigur Rósar hefur verið kyrrsett vegna óþupperðra skattamála.



42,2 kílómetrar er full lengd maraþons en Reykjavíkumaraþon fer fram í dag.

## Þrjú í fréttum Ok, Dimma og misrétti

### Jón Gnarr

Ljær fjallinu Okí rödd í nýrri heimildarmynd Dominic Boyer og Cymene Howe, professora í mannfraði við Rice-háskóla í Houston. Myndin sem frumsýnd var í Bíói Paradís í gær fjallar um örlög Oks sem taldist jökull fram til ársins 2014. Þá er myndin öðrum þræði um breytt viðhorf Íslendinga til jökla.



### Bubbi Morthens

ætlar að taka höndum saman við meðlimi hljómsveitarinnar Dimmu og halda nokkra magnaða rokktónleika á litlum stöðum í kring um landið.



### Þóra Helgadóttir

ræddi í fyrirlestri á fimmtudag um kynjamisrétti í íslenskum fótboltaheimi. Hún nefndi landsliðsþjálfara á fyrri árum sem ekki hafi þekkt leikmennina með nafni, verið drukinn í landsliðsferð og reynt að fá konurnar inn á herbergi til sín.



## FRÉTTABLAÐIÐ Vertu fyrst/ur að lesa blaðið

Fáðu blað dagsins í tölvupósti kl. 5.00 á morgnana.

Skráðu þig á póstlista Fréttablaðsins á [www.frettabladid.is/nyskraning](http://www.frettabladid.is/nyskraning). Það kostar ekkert.

# Stakk alla af í Viðeyjarsundinu

Fimmtán ára sundkappi úr Ármanni sló öllum við í Viðeyjarsundinu í gær og var langfyrst, synti fram og til baka á 35 mínútum. Svava Björg Lárusdóttir vonast nú eftir styrk til að komast í víðavangssund í Noregi.

**ÍÞRÓTTIR** Svava Björg Lárusdóttir, fimmtán ára sunddrottning úr Ármanni og langngst af 92 þátttakendum, kom, sá og sigraði í Viðeyjarsundi Sjósunds- og sjóbaðsfélags Reykjavíkur í gær.

„Þegar ég var komin yfir kom mér þetta eiginlega ekki á óvart því ég var langfyrst,“ segir Svava um það hvort árangurinn hafi komið henni í opna skjöldu.

Svava, sem synti Viðeyjarsund fyrst þrettán ára, vill leggja fyrir sig bæði sjósund og hefðbundið sund.

Herdís Þorvaldsdóttir, formaður Sjósunds- og sjóbaðsfélags Reykjavíkur, segir Svövu vera gríðarlegt efni. „Hún er alveg ótrúleg og var langt á undan öllum öðrum – jafnvel fólki sem er búð að synda Ermarsund,“ segir Herdís.

Svava stefnir nú að því komast í víðavangssund í Noregi í september. „Með því að ná þessum árangri vonast Svava til þess að einhver hjálpi henni með styrk til að komast þangað,“ segir Herdís.

Um aðstæðurnar í gær segir Herdís að nokkur alda hafi verið og

**Hún er alveg ótrúleg og var langt á undan öllum öðrum – jafnvel fólki sem er búð að synda Ermarsund.**

Herdís Þorvaldsdóttir, formaður Sjósunds- og sjóbaðsfélags Reykjavíkur

sjórinn um tveimur gráðum kaldari en sundfólk eigi að venjast á þessum tíma árs. Sundið frá Skarfabakka yfir í Viðey er um 900 metrar. „Það var mikill straumur og alda en fólk var mjög duglegt,“ segir Herdís og tekur fram að Viðeyjarsund sé ekki keppni.

„Fólk er bara á eigin forsendum. Það getur allt komið upp og við erum með fullt af bátum,“ útskýrir formaðurinn. Bæði Landhelgisgæslan og Björgunarsveit Hafnarfjarðar hafi lagt til liðsstyrk. Sömuleiðis hafi Jón lögga, Jón Kristinn Þórsson lögreglumaður, sem synt hefur yfir Ermarsund, verið sundfólkinu til halds og trausts. [gar@frettabladid.is](mailto:gar@frettabladid.is)



Lagt var í Viðeyjarsundið frá Skarfabakka síðdegis í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Svava Björg Lárusdóttir fagnaði að vonum vel og innilega frábærum árangri sínum í hinu árlega Viðeyjarsundi. MYND/BERGÞÓRA GUÐMUNDSDÓTTIR

## Skutlþjónusta í boði á Menningarnótt

**SAMGÖNGUR** Strætó hvetur ökmenn til að nýta sér skutlþjónustu sem verður í boði á Menningarnótt. Þannig munu strætisvagnar aka frá Laugardalshöll, um Borgartún, að Hlemmi og beinustu leið upp að Hallgrímskirkju og til baka.

Ferðir verða í boði frá klukkan hálf átta um morguninn til klukkan eitt um nóttina. Fritt verður í þessar ferðir sem og aðrar strætisvagnarferðir á Menningarnótt. Aðeins þarf að greiða fyrir næturakstur.

Almennu leiðarkerfi Strætó verður skipt í þrjú fasa. Hefðbundin laugar-dagsáætlun verður í gildi til klukkan hálf ellefu um kvöldið. Þó verður stór hluti miðbæjarins lokaður fyrir bílaumferð og munu margar leiðir þurfa að aka hjáleðir. Búast má við tófum fyrri hluta dags vegna Reykjavíkumaraþons.

Annar fasinn felst í svokölluðu tæmingarkerfi sem verður í gildi frá klukkan ellefu um kvöldið til klukk-



an eitt um nóttina. Miðar kerfið að því að koma gestum Menningarnæt-ur heim eins fljótt og kostur er. Munu strætisvagnar keyra frá Hlemmi og BSÍ á mismunandi áfangastaði á höfuðborgarsvæðinu. Þriðji fasinn felst svo í næturakstri en eftir klukkan eitt um nóttina tekur hefðbundinn næturakstur við. Frekari upplýsingar um þjónustuna og þær leiðir sem eknar verða má finna á heimasíðu Strætó, [straeto.is](http://straeto.is).

Fritt verður í Strætó á Menningarnótt og er fólk hvatt til að nýta sér það. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Reykjavíkurborg hvetur fólk sérstaklega til að ganga í bæinn, hjóla eða nýta sér friar ferðir með stræto.

Stærstur hluti miðborgarinnar verður lokaður fyrir bílaumferð frá klukkan sjö um morguninn til klukkan eitt um nóttina. Nær lokunin yfir svæðið vestan Snorrabrautar, norðan Vatnsmýrarveggar og Hringbrautar, allt vestur að Ægisgötu, og Ljósavallagötu. Garðastræti norðan Túngötu er lokað. –sar

## Ertu söngfugl?



Kvennakór auglýsir eftir áhugasömum kórkonum.

Fyrsta verkefni kórsins í haust er þátttaka í jólatónleikum, til styrktar Landspítala Háskólasjúkrahúsi, sem fyrirhugaðir eru í byrjun desember. Eftir áramót er stefnt á léttara efni ásamt djasshljómsveit.

Æfingar verða í Mosfellsbæ á miðvikudagskvöldum undir stjórn Lilju Eggertsdóttur og gert er ráð fyrir að æfingar taki u.þ.b. eina og hálf klukkustund.

Raddprufur verða miðvikudaginn 29. ágúst. Áhugasamar hafi samband í gegnum netfangið: [korconcordia@gmail.com](mailto:korconcordia@gmail.com)

[korconcordia](https://www.facebook.com/korconcordia)



Kringlan

UNDIRBÚÐU ÞIG FYRIR HAUSTIÐ

# SKÓLA DAGAR

Náðu þér í afsláttarmiða á þjónustuborði  
okkar á 1. hæð



LAUGARDAGUR

**10 - 18**

SUNNUDAGUR

**13 - 18**

ALLT FYRIR SKÓLANN Á EINUM STAÐ

**MUNDU EFTIR  
AFSLÁTTAR-  
MIÐANUM**



kringlan.is

facebook.com/kringlan.is

# Bæjarstjórninn sleppur við rafbíl og heldur jeppanum

**KJARAMÁL** Bæjarstjórn Garðabæjar fellði á fimmtudag tillögu um að fella bifreiðahlunnindi Gunnars Einarssonar bæjarstjóra Garðabæjar úr ráðningarsamningi hans.

Líkt og Fréttablaðið greindi frá í vikunni gagnrýndi Ingvar Arnarson, bæjarfulltrúi Garðabæjarlistans, laun bæjarstjórans og þá staðreynd að áfram verði honum séð fyrir Toyota Land Cruiser jeppa á kostnað bæjarins. Ingvar lagði því

til að fella þessi bifreiðahlunnindi út enda væri um að ræða óþarfa aukakostnað fyrir skattgreiðendur og að laun bæjarstjórans, upp á rúmar 2,2 milljónir á mánuði, dygðu vel fyrir rekstri á eigin bifreið. Þessa tillögu felldi meirihlutinn.

Til vara lagði Ingvar til þær breytingar að bærinn útvegaði bæjarstjóranum rafmagnsbíl í staðinn fyrir jeppann. Garðabæjar-

listinn teldi mikilvægt að fylgja umhverfisstefnu bæjarins og að bæjarstjórnin færi fyrir með góðu fordæmi í þeim efnum með því að nota umhverfisvænan samgöngumáta. Þessi tillaga var einnig felld sem og þriðja tillagan um að fella út greiðslu fastrar yfirvinnu samkvæmt ráðningarsamningnum í sex mánuði eftir starfslok.

Kaup og kjör bæjarstjórans standa því óhögguð og teljast sam-



**Gunnar Einarsson,** bæjarstjóri í Garðabæ.

þykkt af bæjarstjórn. Fréttablaðið fjallaði um ráðningarsamninginn í vikunni og hvernig ákveðið hefði verið að lækka laun bæjarstjórans um tíu prósent. Var það gert eftir að í ljós kom að honum var ekki heimilt að afsala sér launum sem hann á rétt á sem kjörinn bæjarfulltrúi en Gunnar hafði víðræðslu slíkar hugmyndir eftir kosningar í ljósi umræðu um há laun hans og annarra bæjarstjóra. –smj



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Glyfosat í matvællum ekki skaðlegt heilsu

**HEILSA** Matvælastofnun (MAST) itrekar að neytendum stafar ekki hættu af því þó glyfosatagnir mælist í matvællum á evrópskum markaði. Umhverfissamtökin EWG birtu frétt í vikunni um að glyfosat, virka efnið í flestum illgresiseyðum, hafi fundist í nokkrum matvörum, þar á meðal morgunkorni.

EFSA safnar niðurstöðum úr glyfosatmælingum aðildarríkja Evrópusambandsins á hverju ári. Nýjustu niðurstöður eru frá árinu 2016 en þá var tekið 6.761 sýni frá 26 löndum Evrópu. Glyfosat greindist yfir leyfilegum mörkum í 19 sýnum eða 0,28% sýnanna. Það greindist ekki glyfosat í 96,4% sýnanna.

EFSA telur að það magn sem neytendur innþyrða með matvællum á markaði í Evrópu sé ekki skaðlegt heilsu manna. –khn

## Ráðherra skenkir súpu

**SAMFÉLAG** Guðmundur Ingvi Guðbrandsson umhverfis- og auðlindaráðherra mun skenka súpu í súputjaldi Nettó á Menningarnótt. Alls verða notað rúmlega hundruð kíló af hráefni sem ekki þykir uppfylla útlitsstaða, eða er nærri síðasta söludegi.



**Guðmundur Ingvi Guðbrandsson.**

„Matarsóun er stórt vandamál, en talið er að einn af hverjum þremur innkaupapakum endi í ruslinu,“ segir Gunnar Egill Sigurðsson, hjá verslunarsviði Samkaupa.

Súpan verður í boði frá klukkan 18.00 á Menningarnótt. –khn

## Aðstoðar Lilju

**STJÓRNMÁL** Jón Pétur Zimsen hefur verið ráðinn aðstoðarmaður Lilju Alfreðsdóttur, mennta- og menningarmálaráðherra. Jón Pétur var áður skólastjóri Réttarholtskóla.

Jón Pétur lauk B.Ed.-prófi frá Kennaraháskóla Íslands og stundaði M.Ed.-nám í stjórnun menntastofnana við Háskóla Íslands. Hann hefur verið virkur í ýmsum félagsamtökum kennara og skólastjórnenda.

Einnig hefur Jón Pétur kennt á Menntavísindasviði HÍ, komið að endurskoðun námskrár í náttúrufræði og unnið að fjölbreyttum æskulýðs- og íþróttamálum. –sar

# Harka leysir af samráð í pólitík

Eiríkur Bergmann, prófessor í stjórnmálafræði, segir samráðsstjórn mállum hafa verið hafnað af Sjálfstæðisflokknum í aðdraganda kosninga. Þetta skýri að hluta til þau átök sem einkenni borgarmálin í dag.

**STJÓRNMÁL** „Það er svona aukin sundrung sem hefur verið að fæstar í stjórnmál Vesturlöndum á liðnum árum og þessari auknu sundrungu hefur fylgt aukin harka í hinni pólitísku umræðu frá því sem verið hafði til skamms tíma,“ segir Eiríkur Bergmann, prófessor í stjórnmálafræði, aðspurður um þá stemningu sem ríkt hefur í borgarstjórn frá kosningum.

Á þeim tveimur mánuðum sem liðnir eru frá því að ný borgarstjórn tók til starfa hefur verið heldur stormasamara í ráðhúsinu en borgarbar hafa átt að venjast á undanföllum árum.

Eiríkur segir mögulegar skýringar að finna annars vegar í almennri þróun stjórnmála á Vesturlöndum og hins vegar megi einnig finna séríslenskar skýringar.

„Í þeim stéttastjórn mállum sem voru framan af tuttugustu öldinni var oft gríðarleg harka í pólitíkinni og þá var líka gríðarleg harka í pólitík á Íslandi. Svo gerist það svona á síðustu áratugum að það fer að verða meira samráð við á stjórnmálum og þessi ofboðslegu átök sem verið höfðu fara minnkandi og það gerist líka hér á Íslandi. Síðan færast þessi harka af stað á nýjan leik.“

Eiríkur leggur áherslu á að þegar við tölum um aukna hörku núna, megi ekki skilja það sem svo að slíkt hafi ekki sést áður. „Við erum hins vegar að koma úr löngu tímabili minni átaka.“

Um hinar íslensku aðstoður segir Eiríkur að pólitíkin í borgarstjórnnum undanfarna kjörtímabili hafi gengið meira út á samráð minnihluta og meirihluta. „Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins í minnihluta löngu margir hverjir upp með það að r e y n a að koma s í n u m málum í gegn



Minnihlutinn í borgarstjórn hefur beitt sér af hörku þann stutta tíma sem liðinn er af kjörtímabilinu. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Nokkur átakafni í borgarstjórn í sumar

- Farið fram á óháða rannsókn á meintum leka á trúnaðarupplýsingum um tilnefningar í ráð. Skrifstofustjóri telur ávirðing gegn starfsmönnum borgarinnar brot á siðareglum.

- Fulltrúi flokks fólksins gagnrýnir geiflur og grettur fulltrúa meirihlutans og leggur til sérstakar samskiptareglur. Þær eru síðar felldar í borgarráði.

- Borgarfulltrúi Sósíalista sökuð af meirihlutanum um að ganga erinda Sjálfstæðisflokksins við tilnefningar í ráð.

- Deilt um hvað hugtakið samræmi borgarstjórnar

þýðir og hvort og hvenær borgarfulltrúar eigi að taka samræmi.

- Hart deilt á borgarstjóra fyrir að vera fjarverandi á fyrsta fundi borgarráðs. – Síðar kom í ljós að borgarstjóri á við alvarleg veikindi að stríða.

- Fulltrúar Sjálfstæðisflokks ganga út af fundi í skipulagsráði vegna meintrar ólögmætrar boðunar fundarins.

- Borgarritari telur borgarfulltrúa hafa gerst sekan um trúnaðarbrot í umfjöllun um eineltismál.

- Lif Magneudóttir krafni um opinbera afsökunarbeiðni fyrir að ulla á Mörtu Guðjónsdóttur.

með samráði við meirihlutann frekar en að vera í stöðugum átökum sem felur þá í sér að koma færri málum í gegn,“ segir Eiríkur og segir þetta hafa verið meðvitanda pólitík hinna frjálslýndari borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins og mörgu leyti áhrifaríka í því að koma málum í gegn en síður áhrifaríka í því að sýna fram á eða skerpa á einhvers konar sérstöðu andstöðunnar fyrir kosningar.

„Svo gerist það að þessari stjórnanandstöðu er hafnað af Sjálfstæðisflokknum fyrir síðustu kosningar og það er stílt upp annars konar liði sem greinilega hefur hafnað þessari aðferð og hefur farið miklu nær þeirri aðferð í stjórnanandstöðu sem til dæmis Davíð Oddsson lýsti, það er að segja að fara í öll mál og gera allt tortryggilegt. Og það er sú breyting sem við erum að verða vitni að núna í borgarstjórn,“ segir Eiríkur.

adalheidur@frettabladid.is

# Bygging knatthússins hefst um helgina

**HAFNARFJÓRDUR** Fyrsta skóflustunga verður tekin að nýju knatthúsi í Kaplarkrika á sunnudag.

„Svona gerist þetta hjá þessum frjálsu öflugum félagsamtökum,“ segir Jón Rúnar Hallsson, formaður knattspyrnudeildar FH, en einungis örfárir dagar eru liðnir frá því að bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti að kaupa þrjú íþróttamannvirki af FH til að tryggja félaginu fjármögnun framkvæmdanna eftir áralangar deilur um knatthúsi byggingar í bænum.

„Þetta mál er buið að vera klárt nánast í fjögur ár,“ segir Jón Rúnar

en lætur þess getið að órói um málið í pólitíkinni hafi vissulega haft áhrif. Hann segir stefnt að því að nýja húsið verði tilbúið eftir níu mánuði að því gefnu að veturinn trufla ekki verkíð.

Jón segir kaup bæjarins á mannvirkjum félagsins fyrir 790 milljónir munu duga fyrir byggingu hússins. Aðspurður um það tilboð sem bænum barst þegar til stóð að bærinn stæði að byggingu hússins, segir Jón eðlilegt að slíkt tilboð beri álagningu, en tilboðið var 50 prósent hærra en ætlað hafði verið í verkíð á fjárhagsáætlun bæjarins. –á



Jón Rúnar Halldórsson er hægra megin á myndinni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK.



HÚSASMÍÐJAN

blómaval



Skoðuðu tilboðin í Húsasmiðjublaðinu á husa.is

# Ódýrt á pallinn

Gerðu pallinn eins og nýjan

Mest selda pallaolían í Húsasmiðjunni



3 ltr  
3 ára ending

**5.995** kr  
~~7.995~~ kr

Pallaolía  
Trebitt Terrasseis 3 ára ending!  
Pallaolía sem hefur þann eiginleika að aðeins þarf að bera á þriðja hvert ár. 15 fallegir lítr. 7049308



3 ltr

**1.995** kr  
~~2.495~~ kr

Pallaolía Jotun Treolje  
Pallaolía á gagnvarið efni. Fáanleg gullbrún, græn og einnig í sömu litum og Trebitt hálfþekjandi. 7049123-27



**2.995** kr  
~~3.995~~ kr

Pallahreinsir Trebitt  
Terrasseisfjerner  
Lýsir upp pallinn, fjarlægir sveppagróður, grillolíu og sót. 7158013



25% afsláttur



GROHE

**10.870** kr  
~~14.495~~ kr

Handlaugartæki  
Grohe Start. 7910800

Sjáðu verðið!

20% afsláttur



Nilfisk

**9.596** kr  
~~11.995~~ kr

Ryksuga Buddy II, 12 ltr.  
Fyrir þurr og blautt, 1200W, 12 ltr., tankur, þyngd 4,4 kg. 5254378



KitchenAid  
300W mótör

**59.990** kr  
~~69.900~~ kr

Hrærivél  
Kitchen Aid, hvít/mött. 1801041

Sjáðu verðið!

Sjáðu verðið!

Electrolux  
5 ÁRA AÞYRGD



Electrolux

**53.990** kr

Þvottavél Fw3017120  
Orkunýting: A+++ Þvottahæfni: A, þvottamagn: 7 kg. LCD upplýsingaskjár. Hljóðstyrkur 58 dB. Hljóðstyrkur við vindu 79 dB. 1805690

Rýmingarsala • Rýmingarsala

**35%** afsláttur

af ÖLLUM garðhúsgögnum



30% afsláttur

**13.995** kr  
~~19.995~~ kr

Topplyklasett 110 stk.  
NEO, 1/2"-1/4", toppar 4-32 mm, skráll 72T. 5052570



**1.299** kr

Erikur/Calluna, 3 stk.  
Veljið sjálf.

30% afsláttur

**32.995** kr  
~~46.995~~ kr

Borvél 18V + 100 fylgihlutir  
2 stk., 2.5Ah Li-ion rafhlöður, hersla 52Nm, 2ja gira 0-450/1250 sn./min, þyngd 1,7 kg. 5246783



HITACHI  
Inspire the Next

## Útsala

20-50% afsláttur af potta-plöntum

Astareldur

**599** kr  
~~1.199~~ kr

50% afsláttur




26% afsláttur

Verð frá: **1.990** kr  
~~2.690~~ kr  
Monstera  
Rifblaðka.



50% afsláttur

**745** kr  
~~1.490~~ kr  
Friðarilja  
Í 9 cm potti. 11325000



26% afsláttur

**1.990** kr  
~~2.690~~ kr  
Orkidea  
11325000



# Vatn víða að finna á fjarlægum plánetum

Vísindamenn við Harvard-háskóla segja líklegt að stór hluti þeirra fjarreikistjarna, eða reikistjarna á braut um aðrar stjörnur, sem fundist hafa síðan 1992 séu ríkar af vatni, bæði vatnsgufu og vatni í jarlögum. Ný kynslóð geimsjónauka mun meta lífvænleika þeirra.

**GEIMVÍSINDI** Vatn er að öllum líkindum afar stór hluti af náttúru fjarreikistjarna – reikistjarna utan okkar sólkerfis – sem eru tvisvar til fjórum sinnum stærri en Jörðin. Jarðefnafræðingar sem rýnt hafa í stærð og massa tæplega fjögur þúsund staðfestra og grunaðra fjarreikistjarna kynntu niðurstöður sínar á Goldsmith-ráðstefnunni í Boston í gærkvöldi.

Fyrstu fjarreikistjörnurnar fundust árið 1992. Þær voru á sveimi í kringum tistjörnu í 2.500 ljósára-fjarlægð frá Jörðu, í stjörnumerki Meyjunnar. Síðan þá hafa vísindamenn freistað að varpa ljósi á eðli og náttúru þessara reikistjarna svo hægt sé að meta lífvænleika þeirra.

Vísindamenn við Harvard-háskóla rýndu í gögn frá Kepler-geimsjónaukanum og stjarnmælingageimfarinu Gaia og báru saman radius fjarreikistjarna og áætlaðan massa þeirra. Fyrri niðurstöður gefa sterklega til kynna að flestar fjarreikistjörnur falla í tvo flokka, annars vegar reikistjörnur sem eru í kringum 1,5 sinnum stærri en Jörðin, og hins vegar reikistjörnur sem eru 2,5 sinnum stærri en Jörðin. Vísindamennirnir hafa nú kynnt líkan sem útskýrir tengsl massa fjarreikistjarna og radius þeirra.


Líkanid gefur til kynna að fjarreikistjörnur sem eru 1,5 stærri

## 1. flokkur



Radius: 1,5 x Jörðin  
Líklegri til að vera grýttar

## 2. flokkur



Radius: 2,5 x Jörðin  
Líklegri til að vera vatnaveraldir

# 35%

fjarreikistjarna sem eru stærri en Jörðin eru að líkindum ríkar af vatni

en Jörðin séu yfirleitt grýttar og í kringum 5 sinnum massameiri en Jörðin. Aftur á móti eru stærri fjarreikistjörnurnar, þær sem eru 2,5 stærri en Jörðin og 10 sinnum

massameiri, að öllum líkindum vatnaveraldir.

„Þetta er vatn, en ekki vatn sem er jafn auðfundid og hér á Jörðinni,“ segir Li Zeng hjá Harvard-háskóla.

» Vísindamenn hafa staðfest tilvist 3.815 fjarreikistjarna í 2.853 sólkerfum.

„Yfirborð þessara fjarreikistjarna er í kringum 200 til 500 gráða heitt. Þannig gæti yfirborðið verið þakið lofthjúpi sem samanstendur fyrst og fremst af vatnsgufu, á meðan vatn í fljótandi formi er að finna í jarlögum.“

Zeng segir að í kringum 35 prósent þeirra fjarreikistjarna sem eru stærri en Jörðin séu líklega ríkar af vatni.

„Þessar tilteknu reikistjörnur mynduust líklega með svipuðum hætti og kjarnar stærstu reikistjarna í okkar sólkerfi. TESS-geimsjónaukinn, sem nýlega var skotið á loft, mun finna mun fleiri slíkar fjarreikistjörnur. Næsta kynslóð geimsjónauka, James Webb-geimsjónaukinn nánar tiltekið, mun síðan vonandi geta greint loft-hjúp þeirra,“ sagði Zeng. „Þetta eru spennandi tímar fyrir þá sem hafa áhuga á fjarlægum veröldum.“  
kjartanh@frettabladid.is



Fjarreikistjarnan Proxima b er á sporbraut um stjörnuna Proxima, sem er næsti nágranni okkar í alheiminum. Reikistjarnan er talin vera grýtt.

NORDICPHOTOS/GETTY

Drifinn af spennu.  
**IONIQ** 100% rafbíll

## ÞRJÁR RAFMAGNAÐAR GERÐIR

Hyundai hefur haslað sér völl sem einn framsæknasti bílaframleiðandi heims á sviði raf- og vetnistækni. Við bjóðum IONIQ rafbílinn í þremur glæsilegum útfærslum.

IONIQ rafbílalína Hyundai er sú eina sinnar tegundar á markaðnum og spannar allt frá 100% rafbíll til Hybrid og tengjanlegra Plug-in Hybrid tvinnbíla sem hafa unnið til fjölda umhverfisverðlauna á undanförunum misserum.

Hyundai IONIQ 100% rafbíll. Verð frá: 3.590.000 kr.

TIL AFGREIÐSLU STRAX!

OPIÐ Í DAG FRÁ 12–16



8 YEAR / 200,000 KM  
BATTERY  
WARRANTY\*

5-ÁR  
ÁBYRGÐ  
ÓTAKMARKAÐUR AKSTUR

Hyundai | Kaupúni 1 | Sími 575 1200 | www.hyundai.is





# Nú geta allir verið með sjónvarp hjá Símanum!

**Sjónvarp Símans Premium** er nú í boði fyrir öll nettengd heimili landsins, óháð því hvar þau eru með netið. Sæktu myndkil í næstu verslun Símans og njóttu fjölda kvikmynda og sjónvarpsþátta í þægilegu viðmóti.

**Svona á sjónvarp að vera. Fyrir alla.**



## Fengu milljarða til framkvæmda

**BELGÍA** Framkvæmdastjórn ESB svaraði ítölskum stjórnvöldum fullum hálsi í gær. Þau siðarnefndu höfðu fullrytt að útgjaldareglur ESB hefðu staðið í vegi fyrir því að hægt væri að taka vegakerfi landsins í gegn.

Minnst 39 týndu lífi þegar brú á A10-hraðbrautinni, skammt frá Genúa, hrundi á þriðjudag.

„Á árunum 2014-2020 mun Ítalía fá um 2,5 milljarða evra í gegnum uppbyggingarsjóð ESB til að lagfæra lesta- og vegakerfi landsins,“ sagði talsmaður framkvæmdastjórnarinnar. Sú upphæð er andvirði riflega 300 milljarða íslenskra króna. – jõe

## Með linsu fasta í auganu í 28 ár

**SKOTLAND** Augnlinsa var fjarlægð úr auga skoskrar konu á þessu ári 28 árum eftir að hún festist undir augnlöki hennar. Engan grunaði að linsan hefði verið þarna allan þennan tíma.

Konan leitaði nýverið til læknis vegna fyrirferðar í auga. Mynda-taka leiddi í ljós kyli sem síðar var fjarlægð. Inni í kylinu kom linsan í ljós. Sagt var frá atvikinu í læknatímaritinu British Medical Journal. Er talið að þetta sé lengsta samfellda vera linsu í auga manneskju.

Konan var fjórtán ára þegar hún varð fyrir höggi og fannst önnur linsa hennar ekki eftir það. Talið var að hún hefði fallið af auganu og týnst. Síðan þá hafði hún ekki notað linsur. – jõe

# Mestu flóð í sögu Kerala-héraðs

Monsúnregn á Indlandi í ár hefur verið þriðjungur meira en vant er. Neyðar-ástand ríkir í landinu og hundruð hafa látist.

**INDLAND** Minnst 324 eru láttnir og yfir 220 þúsund hafa þurft að yfirgefa heimili sín eftir gríðarleg flóð í indverska héraðinu Kerala. Þetta eru mestu flóð á svæðinu frá upphafi mælinga.

Kerala er syðst á Indlandi. Monsúntímabilið hófst í júní með tilheyrandi rigningum. Meðalársúrkoma í héraðinu er vanalega í kringum 3.000 millimetrar en þar af fellur riflega helmingur í júní, júlí og ágúst. Til samanburðar er meðalársúrkoma í Reykjavík um 850 millimetrar. Frá 1. júní hefur úrkoman í Kerala hins vegar mælst riflega 2.000 millimetrar eða um þriðjungur meira en í venjulega. Hið sama gildir um fjölmörg hérað Indlands en talið er að um sjö hundruð til viðbótar hafi farist í öðrum héraðum landsins frá því að monsúnregnið hófst.

Eftir gífurlega rigningu síðustu daga lét náttúran undan og hafa skriður fallið í héraðinu og ár flætt yfir bakka sína. Fjölmargir hinna látnu lentu undir skriðum.

Almannavarnastígi í héraðinu er nú hið hæsta sem mögulegt er og hafa hundruð hermanna verið send á vettvang til koma fólki til aðstoðar. Úrhellið hefur hins vegar haft það í för með sér að allt björgunarstarf er afar torsótt. Björgunarfólk brúkar þyrlur og báta til verksins.



Sem stendur er ófært er um stræti og torg héraðshöfuðborgarinnar Kochi nema á fljótandi farakosti. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Yfirvöld í landinu hafa fyrirskipað að fólk yfirgefi heimili sín og flýi upp á hæðir og hóla til að forðast vatnsflauminn. Vistum er dreift til fólks bæði úr lofti og á landi. Að minnsta kosti 220 þúsund manns hafast nú við í yfir 1.500 neyðarbúðum sem komið hefur verið fyrir í Kerala.

„Við erum að verða vitni að einhverju sem hefur aldrei gerst áður í sögu Kerala,“ segir héraðsstjórnin, Pinarayi Vijayan.

Stórir hlutar héraðshöfuðborgarinnar, Kochi, eru nú undir vatni. Straumurinn hefur numið á brott

með sér byggingar og vegi auk þess sem járnbrautarteinar héraðsins eru ófærir. Sömu sögu er að segja af stórum plantekrum sem kemur til með að hafa áhrif á framleiðslu kaffis, tes, gúmmis og fjölmargra kryddjurta. Þá hefur flugvelli borgarinnar verið lokað og verður hann opnaður í fyrsta lagi eftir rúma viku.

Sem fyrr segir er alvanalegt að gífurlegt úrhelli sé í héraðinu á þessum árstíma en árferið nú er með versta móti. Það má að hluta rekja til nærliggjandi héraða. Regnið hefur verið svo mikið að raforkuframleið-

endur hafa neyðst til að hleypa vatni úr uppistöðulónum. Það rennur síðan sem leið liggur í gegnum Kerala og eirir engu. Riflega fjórtíu ár renna í gegnum héraðið á leið sinni út í Arabíuhafið og sem stendur eru átta-tíu stíflur nú opnar til að freista þess að vernda mannvirkin. Umhverfisvísindamenn hafa einnig velt því upp að offors við skógarhögg á nærliggjandi svæðum hafi ekki orðið til þess að bæta úr skák.

Óttast er að ástandið haldi áfram að versna en búist er við frekari úrkomu næstu daga. jöli@frettabladid.is



## Nýr Tiguan á grípandi tilboði.

Nú bjóðum við Volkswagen Tiguan Offroad á sérstöku tilboðsverði. Skarpar línur, mikið innanrymi og sniðugar tækninýjungar gera hann að spennandi kosti. Tiguan Offroad skartar ríkulegum staðalbúnaði sem eykur ánægju og öryggi í akstri. Komdu í reynsluakstur!

Við látum framtíðina rætast.

**Tiguan Offroad**  
Fjór hjóladrífinn, sjálfskiptur  
**4.990.000 kr.**  
Listaverð 5.790.000 kr.



Volkswagen

5 ára ábyrgð hlýgr fölsabílum HEKLU að uppfylltum ákæðum ábyrgðarskilmála. Þá er að linna á www.hekla.is/abyrgd. - Myndun er af Tiguán R-Line.



# Verið velkomin á Óðinstorg á Menningarnótt.

Mercedes-Benz stendur fyrir skemmtilegri fjölskylduskemmtun á Menningarnótt. 2-6 ára ökumenn geta spreytt sig í ökuskólanum og fá að akstri loknum ökuskírteini frá Mercedes-Benz.

Við vekjum sérstaka athygli á nýjustu bílunum í flotanum, A-Class og C-Class, sem verða til sýnis. Ronja Ræningjádóttir mætir á svæðið kl. 14:00 og skemmtir gestum og gangandi.

Mercedes-Benz verður á Óðinstorgi frá kl. 11-17. Hlökkum til að sjá þig.

**Mercedes-Benz**  
The best or nothing.



# SKOÐUN

## Ekki á nástrái



Kristín Þorsteinsdóttir  
kristin@frettabladid.is

**S**amfélagið er að vakna til lífs eftir vætusamt sumar. Stutt er þar til þing kemur saman. Mörg hitamálið biða afgreiðslu. A síðustu metrum þingsins í vor ætlaði stjórnarmeirihlutinn að þvinga í gegn lækkun á veiðigjöldum. Gert var ráð fyrir 17 prósentu lækkun, innheimt veiðigjöld áttu að fara úr 10 milljörðum, í 8,3 milljarða. Stjórnarandstaðan mótmælti harðlega.

Allt var þetta gert í miklum flýti. Skyndileg frestun málsins var í stíl við flumbrulegan undirbúninginn. Fyrirheit voru gefin um að málið yrði tekið upp að nýju í haust og þá fengi það almennilega umfjöllun. Leggi ríkisstjórnin í að setja málið á dagskrá á ný þarf að standa við fyrirheitin.

Réttlættingin fyrir lækkunni hljómaði kunnuglega. Starfshæfni og samkeppnisburðum er að sögn ógnað vegna krónugengisins. Þetta harmakvein hefur skotið upp kollinum reglulega. Áður var kveininu svarað með því að fella gengið. Launafólkið bar hallann.

Nú biðum við spennit eftir rökum sem duga. Er óumflýjanlegt náttúrulögmál að úterðin, sem ekki vill sjá nýjan gjaldmiðil, fái sjálfkrafa áheyrn hjá stjórnvöldum þegar gengi krónunnar, sem hún hefur svo mikla velþóknun á, hreyfist aðeins henni í óhag?

Hver á framtíðarskipanin að vera? Hvert er eðlilegt endurgjald fyrir afnot af auðlindinni, sem þjóðin á?

Því er kannski ekki auðvelt að svara, en menn verða að hafa í huga þá staðreynd að samkvæmt opinberum tölum er úterðin ekki á nástrái – arðsemi eigna hennar er miklu meiri en í öðrum atvinnugreinum.

Árið 2016 var hún 13 af hundræði. Til samanburðar var arðsemi eigna í viðskiptahagkerfinu, það er öllum fyrirtækjarekstri í landinu að opinberri starfsemi, lyfjaframleiðslu, fjármála- og váttryggingastarfsemi undanskilinni, rúmlega sex prósent. Þessar tölur eru teknar saman í lok þriggja ára samfellds samdráttarskeiðs í sjávarútvegi, en arðsemi eigna var 25% árið 2012. Lækkunin er til komin vegna styrkingar krónunnar.

Ljóst er, að svigrúm er til staðar. Arðsemin er slík, að fyrirtæki í sjávarútvegi eru að gera sig gildandi á öðrum vgstöðvum. Ekki er endalaust hægt að finna fjármunum farveg í sjávarútvegsrekstri. Kvótakóngur og -drottningar eiga brátt hluti í stærsta smásöluvirkjartæki landsins og nú þegar í umsvifamesta flutninga-fyrirtækinu. Morgunblaðið er að stærstum hluta í eigu stórfyrirtækis í sjávarútvegi í Vestmannaeyjum. Það fyrirtæki á líka hluti í heildverslun, olíufyrirtæki og eflaust fleiri fyrirtækjum.

Var ætlunin með kvótakerfinu að gefa ekki bara fiskinn í sjónum heldur nota arðinn af honum til að slá eign sinni á flest stærstu fyrirtæki landsins í kaupbætti?

Þessi mál verða aldrei til lykta leidd meðan ekki ríkir sátt í samfélaginu um skipan fiskveiða. Sú sátt mun aldrei nást fyrr en sanngjarn gjald er lagt á afnotin. Gjaldið á að nota til að byggja og reka skóla, sjúkrahús og menningarstarfsemi.



Arðsemin er slík, að fyrirtæki í sjávarútvegi eru að gera sig gildandi á öðrum vgstöðvum. Ekki er endalaust hægt að finna fjármunum farveg í sjávarútvegsrekstri.

### Gunnar



## Mín skoðun Sif Sigmarsdóttir



### Ertu api?

**D**óttir mín útskrifaðist úr leikskóla í London í vikunni. Eins og sannri nútímamóður sæmir vakti það með mér nistandi samviskubít. Ég átti að mig á hversu margt fjögurra ára barnið kunnir: Stafl, tölur, heilt tónleikaprogramm af núturlegum breskum barnagælum (It's raining, it's pouring/The old man is snoring/He bumped his head/On the top of the bed/And couldn't get up in the morning). Það sem olli því að ég fálmaði eftir þiskinum tilbúin í hressilega sjálfshýðingu var sú staðreynd að litíð sem ekkert af allri þessari vísku var frá mér komið.

Ég sat í stofunni og klippti neglurnar á yngri bróður hennar þegar sú fjögurra ára hlammaði sér á sófann og spurði: „Hvers vegna erum við með neglur?“

Þarna var tækifærið. Það var komið að mér að miðla af þekkingu minni; vera sú fyrirmyndarmóðir sem ég hafði alltaf verið á leiðinni að verða; foreldrið sem fönndrar dúkkukastala með barninu úr tónum jógúrdollum og íspinnaspýtum í stað þess að henda í það nýjustu Barbie-höllinni; foreldri sem spinnur sögur og ævintýri af fingrum fram en ekki upp lygar eins og að Evrópusambandið hafi bannað batteri og þess vegna sé ekki hægt að kaupa nýjar rafhlöður í syngjandi leikfangavélmennið sem sygur lífsviljann úr fullorðnum; foreldrið sem skutlar barninu í ballt, pianótíma og forritunarnámskeið eftir skóla í stað þess að rétta því Netflíx-fjarstýringuna.

Mér fannst framtíðarfyrirætlanir þegar hafa afmáð syndir fortíðar þegar ég svaraði: „Því einu sinni vorum við dýr.“

Ég hélt að mér hefði tekist vel upp er ég miðlaði fjögurra ára dótturinni þróunarkenningunni. En drambr er falli næst.

Ég var á leiðinni út í ruslageymslu með stóran pappakassa þegar hún birtist eins og áravak villiköttur úr launsátri.

„Átti ég heima í þessum kassa þegar ég var dýr?“

„Ha, nei, sko þú varst ekki dýr.“

„En þú sagðir að við hefðum einu sinni verið dýr.“

„Það voru forföður okkar sem voru apar.“

„Er amma api?“

„Nei.“  
„En afi?“  
„Nei.“  
„Ertu með svona mikið hár á fótunum af því að þú ert api?“

Ég ákvað að horfast í augu við staðreyndir. „Gjörðu svo vel, hérna er Netflíx-fjarstýringin.“

Ég yrði aldrei fyrirmyndarmóðirin sem mér fannst að ég ætti að vera. Eða hvað?

### Hin nógu góða móðir

Árið 1953 bjó Donald Winnicott, breskur barnalæknir og sálgreinir, til hugtakið „hin nógu góða móðir“. Eftir að hafa fylgst með þúsundum mæðra og börnum þeirra veitti Winnicott því eftirtekt að börnum sem ekki gengu að ótakmarkaðri athygli mæðra sinna visri reiddi betur af en þeim sem nutu oskíptrar athygli. Winnicott sagði að þótt ósjálfbjarga hvítuöðungar þörfuðust allrar athygli móður eða uppallanda væri mikilvægt að mæður væru ekki alltaf til taks er fram líðu stundir. Börn sem ættu móður sem olli þeim reglulega vonbrigðum – svaraði þeim ekki strax þegar þau kölluðu, lék ekki við þau eftir þöntun, eldaði ekki matinn sem þau vildu – væru betur í stakk búin til að takast á við þá staðreynd að lífið léti ekki undan durtlungum hvers manns.

Svo virðist sem kenning Winnicotts eigi við rök að stöðjast. Ný rannsókn sýnir að svo kallaðri „þyrluforeldrar“, foreldrar sem eru með þuttana í öllu sem börn þeirra gera, hefta andlegan þroska barna sinna og grafa undan félagsfærni þeirra. Aðrar rannsóknir sýna að þétt dagskrá af tómsundum haldi aftur af sköpunargáfu barna því fátt geri hugvitinu jafngott og að leiðast.

Haustið bestur nú á með öllum sínum kröfum um skutl á íþróttæfingur, aðstoð við heimakerðominn, kaup á nýjum skólatöskum og kvabb um tómsundur – það þarf að mæta á fótboltaþóttin, sauma búninga fyrir skólaleikritið, baka sykurlausa hrakóku fyrir fjárflyunar-samkomuna ... En áður en uppallundur landsins teygja sig í sjálfshýðingarpískinn er rétt að minna á eftirfarandi: Rannsóknir sýna að „hin nógu góða móðir“ er í raun hin allra besta móðir.

**100 FULLVELDI ÍSLANDS 1918-2018**

**FULLVELDISKAKAN**

www.bjornsbakari.is

ménudaga-föstudaga	7.30 - 17.30
laugardega	8.00 - 16.00
sunnudaga	9.00 - 16.00

Augurströnd 14 • Hringbraut 35  
Faldgata 18

**BJÖRNSBAKARI**  
Sími: 561 1433



# Straumhvörf

## Audi A3 e-tron sameinar tvo heima

Tengiltvinnbíllinn Audi A3 e-tron hefur átt mikilli velgengi að fagna. Hann var valinn besti rafbíll ársins 2015 af What Car? og er með fimm stjörnur í árekstrar- og öryggisprófunum hjá Euro NCAP.

50 kílómetra drægni á raforkunni einni saman dugar í flestar ferðir en með skilvirkri sambættingu rafdrifs og sparneytinnar bensínvélar er samanlögð heildardrægni allt að 940 km.

Til afhendingar strax

- ▶ 17" álfelgur
- ▶ Bakkmyndavél
- ▶ Dökkar rúður
- ▶ Málm/glítlakk
- ▶ Nálgunarvörn framan og aftan
- ▶ MMI útvarp
- ▶ Bluetooth símatenging
- ▶ Bluetooth tenging fyrir tónlist
- ▶ Dynamic stefnuljós
- ▶ LED afturljós
- ▶ Fjarstýrðar samlæsingar
- ▶ Lyklalaust aðgengi
- ▶ Skynjari fyrir loftþrýsting í hjólbörðum
- ▶ Tenging fyrir USB og Iphone
- ▶ Tvískipt sjálfvirk loftkæling
- ▶ Hiti í framsætum
- ▶ Hæðarstillanleg framsæti
- ▶ Skriðstillir (Cruise control)
- ▶ Ljósa- og regnskynjari
- ▶ Baksýnispegill með glýjuvörn
- ▶ Rafdrifnir upphitaðir og aðfellanlegir útispeglar
- ▶ Audi hljóðkerfi 180w með 10 hátölurum
- ▶ Leðurklætt aðgerðastýri
- ▶ ABS bremsukerfi
- ▶ ESP stöðugleikastýring
- ▶ Árekstrarvörn (pre sense)

Listaverð 4.560.000 kr.

**Tilboðsverð 4.090.000 kr.**

5 ára  
ábyrgð

HEKLA · Laugavegi 170-174 / Audi.is





# BÍLAFJÖR BRIMBORGAR

LAUGARDAG FRÁ 12-16

Komdu í Bílafjör Brimborgar í dag.  
Brimborg býður upp á yfir 500 gerðir bíla,  
frábært verð og framúrskarandi þjónustu.  
– við eigum rétta bílinn fyrir þig!

GLÆSILEGIR  
NÝIR BÍLAR!

## ÚRVAL OG ÞJÓNUSTA

### CITROËN C3 FEEL 1,2

82 hð, beinskiptur, bensín

Verð áður: 2.220.000 kr.

**BÍLAFJÖRSTILBOÐ: 1.920.000 KR.**

**AFSLÁTTUR: 300.000 KR.**

**-300.000 kr.**



### MAZDA CX-3 OPTIMUM 2,0

120 hð, sjálfskiptur, bensín

Verð áður: 3.810.000 kr.

**BÍLAFJÖRSTILBOÐ: 3.460.000 KR.**

**AFSLÁTTUR: 350.000 KR.**

**-350.000 kr.**



### VOLVO V60CC

Inscription D3 FWD 2,0 150hð dísil,  
sjálfskiptur

Verð áður: 6.104.000 kr.

**BÍLAFJÖRSTILBOÐ: 5.340.000 KR.**

**AFSLÁTTUR: 764.000 KR.**

**-764.000 kr.**



## MAZDA CX-5

Háþróaður, fjórhjóladrifinn og öruggur Mazda CX-5 hlaðinn búnaði

Verð frá: 5.190.000 kr.



# ALLT Á EINUM STAÐ

### PEUGEOT 308 ACTIVE SW 1,2

130 hö, beinskiptur, bensín

Verð áður: 3.400.000 kr.

**BÍLAFJÖRSTILBOÐ: 3.100.000 KR.**

**AFSLÁTTUR: 300.000 KR.**



**-300.000 kr.**

### FORD KA+ ULTIMATE SPORT

Beinskiptur, með öryggisþakka

Verð áður: 1.950.000 kr.

**BÍLAFJÖRSTILBOÐ: 1.790.000 KR.**

**AFSLÁTTUR: 160.000 KR.**



**-160.000 kr.**

**ÚRVAL!  
ÚRVAL!  
ÚRVAL!**

**SKOÐAÐU ÚRVALIÐ FRÁ**

**FORD, VOLVO, MAZDA, CITROËN OG PEUGEOT HJÁ BRIMBORG**

**– Komdu í reynsluakstur í dag!**

Brimborg Reykjavík  
Bíldshöfða 6

Brimborg Reykjavík  
Bíldshöfða 8

Brimborg Akureyri  
Tryggvabraut 5

[brimborg.is](http://brimborg.is)

**brimborg**

Öruggur staður til að vera á

# Agla María reyndist vera hetjan gegn gömlu félögunum

Breiðablik varð bikarmeistari í tólfta sinn eftir 1-2 sigur á Stjörninni í gærkvöldi. Agla María Albertsdóttir reyndist sínu gamla liði erfiður ljár í þúfu og lagði upp bæði mörk Blika með frábærum fyrirgjöfum.

**FÓTBOLTI** „Það er geggjúð tilfinning að verða bikarmeistari með uppeldisfélagi sínu og gaman að hafa lagt sitt af mörkum með því að eiga tvær stoðsendingar. Þetta var jafn leikur framan af, en sem betur fer náðum við að skora tvisvar með skömmu millibili í fyrri hálfleik og eftir það var þetta ekki í hættu að minni mati.“ sagði Agla María Albertsdóttir í samtali við Fréttablaðið eftir 1-2 sigur Breiðabliks á Stjörninni í úrslitaleik Mjólkurbikars kvenna í gærkvöldi.

Það var kannski skrifað í skýin að Agla María yrði í aðalhlutverki í úrslitaleiknum. Hún lék með Stjörninni á árunum 2016-17 og skoraði í 3-2 tapi liðsins fyrir ÍBV í bikarúrslitaleiknum í fyrra. Í gær gerði hún hins vegar gæfufuninn fyrir Breiðablik gegn sínum gömlu félögum í Stjörninni. Agla María var besti leikmaður vallarins og lagði upp bæði mörk Blika.

Úrslitaleikurinn var jafn og úti á vellinum bar lítið í milli liðanna. En Blikar voru beittari í vítateigunum og nýttu sín tækifæri. Stjarnan byrjaði betur og á strax á 6. mínútu slapp Telma Hjaltalín Þrastardóttir inn fyrir vörn Breiðabliks en Sonný Lára Þránsdóttir varði skot hennar. Sú markvarsla reyndist afar dýrmæt.

Á 19. mínútu missti María Eva Eyjólfsdóttir, hægrri bakvörður Stjörnunnar. Öglu Mariu klaufalega inn fyrir sig. Hún þakkaði pent fyrir sig og setti boltann á Berglindi Björgu Þorvaldsdóttur sem skoraði



Sonný Lára, markvörður og fyrirlíði Blika, hefur bikarinn á loft í leikslok á Laugardalsvelli í gærkvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

sitt sautjándra mark í jafn mörögum leikjum í deild og bikar í sumar.

Þegar níu mínútur voru til hálfleiks tók Agla María aukaspyrnu á vinstri kantinum, sendi boltann inn á teiginn þar sem miðvörðurinn Guðrún Arnardóttir reis hæst og skallaði boltann í netið.

„Ég hef prúfað það að tapa bikarúrslitaleik og ég var staðráðin í því að láta það ekki koma fyrir aftur.

Þessi leikur snerist um smáatriði og við nýttum okkur mistök þeirra og fast leikatriði. Þetta var vel klárað hjá Berglindi Björgu og Guðrúnu.“ sagði Agla María sem hefur leikið afar vel fyrir Breiðablik í sumar.

Seinni hálfleikurinn í leiknum í gær var lengst af afar bragðdaufur. Stjörnukonur voru bitlausar og Blikavörnin hafði ekki mikið fyrir hlutunum. Ekki bætti úr skák fyrir

Garðbæinga að Harpa Þorsteinsdóttir fór meidd af velli um miðjan seinni hálfleik.

Telma Hjaltalín hleypti spennu í leikinn þegar hún skoraði fallett mark með skoti í stöng og inn af löngu færi á 87. mínútu. Nær komst Stjarnan hins vegar ekki og Breiðablik fagnaði sigri og sínum tólfta bikarmeistaratitli.

ingvithor@frettabladid.is

## Nýjast

### Mjólkurbikar kvk, úrslitaleikur

#### Stjarnan - Breiðablik 1-2

0-1 Berglind Björg Þorvaldsdóttir (19),  
0-2 Guðrún Arnardóttir (36), 1-2 Telma  
Hjaltalín Þrastardóttir (87).

#### Pepsi-deild kvenna

#### Þór/KA - FH 9-1

1-0 Andrea Mist Pálmadóttir (18), 2-0 Andrea Mist (39), 3-0 Lára Einarsdóttir (48),  
4-0 Sandra Stephany Mayor Gutierrez (58),  
5-0 Sandra María Jessen (60), 6-0 Margrét Arnadóttir (61), 7-0 Sandra Mayor (65), 8-0 Margrét (71), 9-0 Sandra Mayor (87), 9-1 Helena Ósk Hálfánardóttir (89).

#### Valur - ÍBV 0-1

0-1 Cloé Lacasse (51).

Efri	Neðri		
Þór/KA	35	Selfoss	16
Breiðablik	34	HK/Víkingur	13
Valur	26	KR	12
Stjarnan	25	Grindavík	10
ÍBV	18	FH	6

## Ágúst næsti þjálfari Færeyja

**HANDBOLTI** Ágúst Jóhannsson tók í gær við starfi sem þjálfari kvennalandsliðs Færeyja í handbolta. Mun hann sinna því starfi ásamt því að stýra liði Vals í Olís-deild kvenna í vetur.

Ágúst starfaði sem þjálfari íslenska kvennalandsliðsins í fimm ár en hætti störfum fyrir tveimur árum síðan. Undir hans stjórn lék Ísland í lokakeppni HM árið 2011 og í lokakeppni EM ári síðar.

Fyrsti leikur Færeyja undir stjórn Ágústs fer fram þann 30. nóvember næstkomandi gegn Sviss í undankeppni HM. Ásamt Sviss eru Lítháen og Finnland með Færeyjum í riðli.

- kpt

## Varnarleikurinn frábær eins og í öllu mótinu

**HANDBOLTI** Íslenska handbolta-landsliðið skipað drengjum undir átján ára aldri leikur til úrslita í Evrópumótinu í Króatíu á sunnudaginn eftir að hafa unnið heimamenn 30-26 í undanúrslitunum í gær.

Mótherjar íslenska liðsins í leiknum verða Svíar sem Ísland mætti í riðlakeppninni þá vann Ísland fimm marka sigur, 29-24.

Íslenska liðið átti sigurinn svo sannarlega skilinn í gær eftir að hafa verið með frumkvæðið allan leikinn. Eftir 5-1 rispu Íslands í fyrri hálfleik voru Króatar alltaf að elta við forskott Íslendinga og á lokaspættinum náðu þeir að standast öll áhlaup heimamanna.

Voru íslensku strákarnir öflugir á báðum endum vallarins og var Heimir Rikharðsson, þjálfari liðsins fyrst og fremst stoltur þegar Fréttablaðið sló á þröðinn til hans.

„Tilfinningin er frábær og ég er ofboðslega stoltur. Þetta verður ekkert mikið sætara. Strákarnir eru búnir að vera stórkostlegir hérna úti. Þetta var fyllilega verðskuldað eftir að við leiddum stærstan hluta leiksins.“ sagði Heimir og bætti við:

„Ég hafði smá áhyggjur af því hvernig hugarfarið væri á leiðinni inn í þennan leik en þeir leystu það með glæsibrag. Það er létt yfir höpnun og við höfum gaman af þessu.“

Heimir sagði erfitt að taka eitthvað eitt út sem hefði skilað sigrinum.

„Við erum klókir í sókninni, gefum

**Þetta var fyllilega verðskuldað eftir að við leiddum allan leikinn.**

Heimir Rikharðsson, þjálfari liðsins



## Viltu eignast listaverk



### Sölusýning á listaverkum

Fjölbreytt úrval

#### Studio Stafn

Hátúni 6B

Opið um helgina kl. 12 -17

Sími 552 4700

Studiostafn.is/listaverkasala

STUDIO  
STAFN



PERFORMANCE



Sheer  
Driving Pleasure



# BMW X5 PLUG-IN HYBRID.

BMW X5 xDrive40e / Verð: 9.970.000 kr.

BMW X5 xDrive40e, með M pakka / Verð: 11.690.000 kr.

Nýi BMW X5 xDrive40e PLUG-IN HYBRID tengirafbíllinn sameinar nýjstu rafbílatækni og það besta sem völ er á í hefðbundinni vélartækni. Rafmótorinn er innbyggður í 8 þrepa sjálfskiptinguna sem tryggir fullkomna virkni xDrive fjórhjóladrifsins hvort sem bíllinn er í rafstillingu eingöngu eða knúinn bensínvél. BMW X5 xDrive40e skipar sér í hóp sparneytnustu jeppa í sama stærðarflokki með eldsneytisnotkun upp á einungis 3,3 l/100 km\* í blönduðum akstri. Samanlagt skila rafmótorinn og bensínvélin 313 hestöflum.

OPÍÐ Í DAG FRÁ 12-16

VERIÐ VELKOMIN Í REYNSLUAKSTUR Í DAG.

BL ehf  
Sævarhófa 2 / 110 Reykjavík  
525 8000 / www.bl.is



# FRÉTTAÐIÐ HELGIN

## Bentu á þann sem að þér þykir bestur...

Fréttablaðið fékk fjóra menningarmógúla til þess að velja sér þrjá skemmtilega viðburði á Menningarnótt sem höfðu til þeirra. Þau Arnar Eggert, Jóna, Lóa og Matthías Tryggvi mæla með nokkrum góðum.



Menningarnótt er eflaust í uppáhaldi hjá mörgum. FRÉTTAÐIÐ/ANDRI MARINÓ

### Matthías Tryggvi Haraldsson

nýttskrifaður af sviðshöfundabraut LHÍ og söngvari Hatara

#### CGFC og Halldór Eldjárn: NAUHI! A visual laboratory i Mengi

kl. 13.00-18.00

Peir sem ekki hafa heyrt um graf-alvarlega flíplístaþópinn CGFC verða að skilja tvennt: Kapitalism-inn er úr sér genginn og diskó er æðsta listformið. Það segja þau að minnsta kosti, þetta frábæra sviðslista- og prjónalistafólk sem snýr þarna bókum saman. Þau verða með fimm klukkutíma gjörning í Mengi ásamt Halldóri Eldjárn, poppstjörnu og tölvunórd. Búast má við analog tæknibrellum, tónlist, leysigeislum og garni.

#### Menningarnótt á Öðinsgötu kl. 13.30-21.00

Spaðabani er klárlega ein besta hljómsveit allra tíma. Það vita allir sem hafa hundsvit á menningu og listum. Færri vita þó að hljómsveitin byrjaði sem feminísk rannsókn og sviðslistaverk. Þannig getur fólk farið með sviðslistageraugun að þöknónleika í alræmda hljómsveitageruninni við Öðinsgötu 15. Nú eða bara engin gleraugu, bara opin



og þöknþyrst eyru, það má líka. Mig minnr líka að Hörmenni séu að spila.

#### Spunamarabon Improv Island i Þjóðleikhúskjallaranum kl. 17.00-22.00

Meðal sviðslistafólks þykir sérlega asnalegt að hafa ekki farið á að minnsta kosti tvö „improv“ námskeið. Þessu hef ég oft fundið fyrir,

enda vil ég ekkert með slík námskeið hafa. Við eigum orðið þrýðilegt landslið í þessu furðulega sporti, spunagrini, og ef fólk hefur látið það fram hjá sér fara er um að gera að fara á spunamarabon í Þjóðleikhúskjallaranum. Að lokum skal bent á að vilji fólk ekki fara úr húsi getur það pantað Elisabetu Kristínu Jökulsdóttur sviðshöfund heim til sín í húsllestur.

### Arnar Eggert Thoroddsen

tónlistarblaðamaður og doktorsnemi í tónlistarfræðum

#### Tónaflóð Rásar 2 við Arnarhól kl. 20.00-23.00

Það er nauðsynlegt og sjálfsgagt að íslenski dægurtónlist sé gert hátt undir höfði á þessum degi enda er Island hvað þekktast út á við fyrir þennan þátt og dægurtónlistarsenan rík, virk, skemmtileg og fjölskrúðug. Margannað og -reynt. Þessi uppákoma skiptir máli og Rás 2 gerir vel í því að úthuga dag-skrána, upp á flæði, aldur o.s.frv. Rappaparar og „r og b“ listamenn keyra þetta í gang, Prins Pólo svo með surrelliskar hversdagslýsingar, Írafár með poppið og svo Tod-mobile með allra handa lokahnút. Almennilegt!

#### Hippopp á Ingólffstorgi kl. 18.00-22.00

Eðlilega hvet ég gesti á öllum aldri, og þá sérstaklega þá sem trúa því einlæglega að „tónlistin hafi verið mun betri í gamla daga“ að koma við á gamla Hallærisplaninu (þar sem þökníð undi sér vel) og nema það sem ungvíð er að gera í hippoppplístinni – tónlistinni sem hefur nú formlega leyst rokkið af sem tónlist unga fólksins og hvað



vinsældir á heimsvísu varðar. Þeir sem eru enn ekki vaknaðir og búnir að finna lyktna af kaffinu geta snarlega bætt úr því með heimskón hingað.

#### Döbbskúrinn, Vitastig 17 kl. 12.30-23.15

Július Ólafsson, tónlistarmaður, stórmeistari og Can-áhugamaður heldur utan um döbbskúrinn. Garðskúr Júliúsar fær endurnýjaðan

tílgang og mun eima frá sér sveilköldu döbbi, ættuðu frá Jamaika, frá hádegi og fram að miðnætti. Plötusnúðar skiptast á að veida upp gamalt og nýtt döbb og smellið sá sem þetta ritar í eina syru síðast þegar skúrinn var opin. Mér skilst svo að hann verði ekkert endilega bundinn við þessa slakandi stefnu í ár og hreinlega allt geti gerst á Vitastígnum, enda þekkir góð tónlist engin mæri né mörk.



### Lóa Hjalmtýsdóttir

myndlistarkona og söngkona FM Belfast

#### Ævintýrleg bókverkasmíða í Safnahúsinu kl. 14.00-16.00

Eftir að hafa rennt í gegnum dag-skrána list mér best á Ævintýrlegu bókverkasmíðuna í Safnahúsinu. Ég hef sérlegan áhuga á bóka- og bókverkagerð. Svo er námskeiðið líka fyrir börn og fullorðna sem er mjög gott því ég hef meiri áhuga á að taka þátt heldur en að húka í dyragættum með úlpur í fanginu á meðan börn skemmta sér.

#### Tímagöng til 1918, Aðalstræti 10 kl. 12.00-15.00

Ég er forvitin um sýninguna tíma-

göng til 1918 sem hefur eitthvað að gera með sýndarveruleikageraugu. Bæði er sýndarveruleiki áhugaverður og svo hef ég verið með frosta-veiturinn mikla 1918 á heilanum eftir þetta ömurlega sumar.

#### Geimskipið Jörð í Hljómskálagarðinum kl. 13.00-17.00

Geimskipið Jörð í Hljómskálagarðinum hljómar eins og áhugaverð sýning. Þrjár ungar listakonur sem verða með hvelfingar sem hægt er að skyggast inn í og skoða stjörnur, ský og geislavirki í þoku-hylki. Það hlýtur að vera áhugavert.



### Jóna Ottesen

stofnandi Kátt á Klambra

#### Skemmtiskokk í Lækjargötu kl. 12.15-13.15

Stelpan mín fór í fyrra og það var mjög gaman. Georg og leik-hópurinn Lotta halda uppi stuðinu og allir fá medalju fyrir þátttöku. Frábært að virkja hana í að hlaupa, hún dregur mig þá kannski af stað næsta sumar!

#### Rattleikur og Lengsta landslagið á Kjarvalsstöðum kl. 15.00-20.00

Á Kjarvalsstöðum verður skemmtilegur rattleikur þar sem börn og foreldrar geta leyst þrautir

saman. Þar er einnig skemmtileg smíða þar sem börn geta tekið þátt í að mála lengsta landslagið, sem er málað í sameiningu á stóran renning. Þetta eru allt skemmtilegir viðburðir þar sem börn og foreldrar geta leikið sér saman og tekið þátt.

#### Æskusirkusinn, við útafliði í Lækjargötu kl. 14.00-15.00

Þá næst skellum við okkur á þessa flottu sýningu þar sem börn sýna listir sínar innblásnar af þeirra uppáhaldskvikmyndum.



70%  
afsláttur

FULLT VERÐ: 5.995  
**1.795**

**BREDSTEN  
STAFLANLEGUR  
STÓLL**  
Góður stafanlegur stóll  
úr stáli með slitsterku  
textilene efni á  
setu og baki.  
Vnr. 3782403



JUTLANDIA®

FULLT VERÐ: 9.995  
**5.995**

**LOMMA  
STILLANLEGUR  
ARMSTÓLL**  
Góður saman-  
brjótanlegur stóll úr  
stáli með slitsterku  
netáklæði.  
6 armstillingar á baki.  
Vnr. 3737700



**HALMSTA HÆGINDASTÓLL**  
Glæsilegur hægindastóll með  
ljósu tauáklæði.  
886 x H90 x D106 cm.  
Vnr. 718-17-1000

50%  
afsláttur



FULLT VERÐ: 39.950

**19.950**

**JEFFERSON  
HÆGINDASÓFI**  
Glæsilegur 2ja sæta  
hægindasófi. Brúnn.  
B148 x H105 x D97 cm.  
Vnr. 8880001023

FULLT VERÐ: 99.950

**49.950**



50%  
afsláttur

FULLT VERÐ: 5.995

**3.995**

**MINIA STÓLL**  
Svartur eða hvítur.  
Vnr. 8880001098,  
8880001099

33%  
afsláttur



# ÚTSALA OG ÖNNUR GÓÐ TILBOÐ

## SPARIÐ ALLT AÐ **75%**

FULLT VERÐ: 44.990

**26.990**

40%  
afsláttur

**SÓFI + BORD + 2 STÓLAR + SESSUR**

**EBELTOFT SÓFI + 2 STÓLAR+ BORD + SESSUR**  
Glæsileg, stílhrein garðhúsgögn úr UV vörðu plasti. Endingagóðar sessur úr  
bómull/polyester fylgja. Borð B59 x L92 x H43 cm. Vnr. 3763442

Luxury Sleep

Royal Dream  
MEMORYFOAM



SleepWell

**ENN MEIRI  
AFSLÁTTUR**  
GARÐHÚSGÖGN SÝNISHORN

COMFORT  
LUXE

SWEET DREAM  
MEMORYFOAM



40%  
afsláttur

**SÆNG OG KODDI**

FULLT VERÐ: 9.995

**5.995**

**HØIE UNIQUE SÆNG OG KODDI**  
Vönduð thermosæng fyllt með 2 x 600 gr. af holtrefjum.  
140x200 cm. Koddinn er fylltur með 500 gr. af holtrefjum.  
50x70 cm. Má þvo við 60°C. Sængurtaska fylgir.  
Vnr. 4117000, 4033785

hoie  
OF SCANDINAVIA

PLUS



**20-40%**

**AFSLÁTTUR AF ÖLLUM STÆRÐUM:  
ROYAL DREAM, LUXURY  
SLEEP, SLEEPWELL,  
COMFORT LUXE OG  
SWEET DREAM**



**K**arl Sigurbjörnsson biskup greindist með krabbamein í nóvember í fyrra. Síðan þá hefur hann verið í erfiðri krabbameinsmeðferð. Karl, sem tekur veikindunum af áberandi miklu æðruleysi, segir batahorfur sínar vera góðar

„Í fyrra greindist ég með krabbamein í blöðruhálskirtli sem hafði dreift sér í beinin. Þetta uppgötvaðist fyrir tilviljun af því að ég var með verk í fæti. Það var brugðist mjög skjótt við, eiginlega ótrúlega hratt. Ég var strax settur í hormónameðferð og lyfjameðferð. Ég fékk þó að fresta henni fram yfir áramót, mér fannst ég ekki mega vera að því að byrja fyrr, vildi klára skuldbindingar sem ég hafði í starfi í Dómkirkjunni og svo voru vinir mínir að etja mér út í að taka saman safn prédikana og því vildi ég koma á rekspól áður en meðferðin byrjaði.

Lyfjameðferðin hófst í byrjun janúar og lauk nú í júní en hormónameðferð heldur áfram. „Þetta hefur verið mikið ferðalag,“ segir Karl. „Ég kallaði það pílgrimsferð, ferð um áður ókunnar slóðir, en markmiðið er skýrt – að komast til heilsu. Leiðin er oft torsótt, maður er kyldur niður, missir mátt og er vankaður í heila viku. Næsta vika fer í að ná sér upp og svo fer maður niður aftur. Ég var aldrei neitt þjáður. Verkurinn í beinum hvarf að mestu leyti. Ég var aðallega ringlaður og fann til magnleysis. Það er óþægilegt að finnast allt í einu lappirnar lyppast undan manni.

Svo er maður skelfing latur og svolitíð einangraður því ég mátti ekki vera mikið innan um fólk. Ég er óvanur því að hafa ekki fullt af verkefnum á þróunum. Á þessum tíma hef ég rifjað upp orð Sören Kierkegaard sem sagði að iðuleysi væri stórlega vanmetin lífsgæði. Það er ágætt að hugga sig við það.“

**Eins og þruma úr heiðskiru lofti**  
Þér hlýtur að hafa brugðið þegar læknar sögðu þér að þú væri með krabbamein?

„Auðvitað. Ég hef alltaf ímyndað mér að ég væri ágætlega hraustur. En læknir sem ég þekki sagði við mig að ef hann hefði mátt velja krabbamein þá hefði hann valið þessa tegund. Það er einhver huggun í því. En maður hrekkur illilega í kút við sjúkdómsgreininguna. Krabbamein er óttalegt orð, og það slær umfram allt þau sem næst manni standa. Sá sem verður fyrir högginu fær verkefni í hendurnar og gengur í það. Ég stend í limunni þar sem öllu er teft fram. Þau sem næst manni standa horfa á, þurfa að glíma við spurningar og ótta, reiði og kvíða sem þau vilja hlífa manni við. Þetta gleymist oft. Allt of oft.

Þau nánustu upplifa miklu frekar vanmátt sinn meðan sjúklingurinn er umvafinn og borinn höndum. Ég mæti í minar meðferðir og þar er brautin vel mörkuð og verkefni skilgreind, á meðan þau hin sitja uppi með allar spurningarnar, óttann og kvíðann.

Sjúkdómsgreiningin kom eins og þruma úr heiðskiru lofti. En þegar ég hugsa um árið þar á undan þá var kannski eitthvað í undirmeðvitundinni sem var að piska mig áfram. Ég hafði verið með á þróunum að þýða skáldsögur eftir Marilynne Robinson og mér fannst ég verða að ljúka við það verk. Í fyrrasumar hugsaði ég stundum með sjálfum mér: Slappaðu af, það er ekki víst að nokkur vilji gefa bækurnar út og óvíst að einhver muni lesa þær, þú hefur nóg annað að gera. Ég var nánast með þráhyggju gagnvart því að koma þessu verki frá mér. Kannski var eitthvað innra með mér að segja mér að ég hefði ekki algjörlega ótakmarkaðan tíma.“

Í mjög svo erfiðri meðferð segist Karl alltaf hafa haldið þreki til að lesa, eins að gripa í að ganga frá ræðusafninu. Í helgum steini, sem kom út um páska, og vinna



„Ég er engin hetja og auðvitað takast alls konar tilfinningar á,“ segir Karl Sigurbjörnsson. FRÉTTABLAÐID/STEFÁN

# Við erum kölluð til að lifa lífinu lifandi

Kolbrún Bergþórsdóttir  
kolbrun@frettabladid.is



Karl Sigurbjörnsson tekst á við krabbamein af æðruleysi. Hann er í framhaldsmeðferð og segir batahorfur góðar. Trúarvissan styrkir hann í baráttunni við veikindin. Hann vill ekki sjá sig sem sjúkling og segist vera í góðum höndum hjá afar færnum læknum.



LEIÐIN ER OFT TOR-

SÓTT, MAÐUR ER KÝLDUR

NIDUR, MISSIR MÁTT OG

ER VANKADUR Í HEILA

VIKU. NÆSTA VIKA FER Í

AD NÁ SÉR UPP OG SVO FER

MAÐUR NIDUR AFTUR.

að frágangi handrita að trilógíu Marilynne Robinson, en fyrsta bókin, *Gilead*, kom út um sama leyti. „Þessi verkefni héldu mér nú gangandi. Ég er alltaf með eitthvað að lesa, það er mitt líf og yndi. Ég les skáldsögur og sagnfræði og allt mögulegt.“ Ein þeirra bóka sem hann las síðasta vetur er *Emperor of all Maladies* eftir Siddhartha Mukherjee. „Höfundurinn er bandarískur af indverskum ættum og í þessum heljarmikla doðranti rekur hann sögu krabbameinsins. Þessi sjúkdómur, krabbamein, er mikil raðgáta og óttalegur leyndardómur, afskaplega furðulegt fyrirbæri. Krabbamein hefur verið skelflegt orð en innan þessa heitis rúmast í rauninni ótal ólíkar skepnur og fyrirbæri sem enginn veit í rauninni hvað er eða hvers vegna það lætur á sér kræla, og sem betur fer er margt af því sem fyrir orfáum misserum var ólæknandi vel víðráðanlegt.“

**Hvers vegna ekki ég?**

Karl er sá fimmti af sex bræðrum sem glímur við krabbamein. „Björn bróðir minn fór úr lungnakrabbu. Það tók langan tíma að uppgötva það og hann kvaldist mikið, svo kvaddi Árni Bergur og konan hans skömmu síðar, og síðan Þorkell, sem lést fyrir fimm árum. Einar er núna að glíma við þetta. Auðvitað fer hver og einn á sinn hátt í sína baráttu, en mér sýnist bræður mínir allir hafa tekið þessu af miklu æðruleysi.

Krabbamein er svo ótrúlega algengt. Mér finnst nánast annar hver maður í mínum kunningjahópi hafa gengið eða vera að ganga í gegnum eitthvað svipað og ég. Þá spyr maður sig: Hvers vegna ekki ég? Hún er áleitun sagan sem Karen Blixen sagði. Hún lá lengi á spítala af því að maðurinn hennar, sem hélt framhjá henni, hafði smitað hana af kynsjúkdómi. Hún var sárþjád og bálreið og spurði sig: Af hverju ég? Hvers vegna? Svo sá hún dagblað þar sem var slegið upp á forsiðu að franskt rannsóknarskip hefði farið við Ísland, og það hét *Pourquoi pas?* Hvers vegna ekki? Þá laust niður í huga hennar: Hvers vegna ekki? Þá var eins og réttist úr henni og henni fannst hún geta tekið á við mótlætið af reisu.“

Það gerir þú greinilega líka.

„Ja, ég er engin hetja og auðvitað takast alls konar tilfinningar á. Ótti við dauðann fylgir öllu sem lifir. Það er innbyggð í hverja frumu og hverja taug að standa gegn dauðanum. Við höldum fast í lífi.“

Í gamla daga var talað um nokkuð sem heitir *Ars moriendi*, listin að deyja. Einhvern tímann var verið að spyrja mig út í það hvaða kúnst það hefði verið. Þá fór ég að rifja upp að sem barn fór mamma alltaf með bænirnar með okkur bræðrunum. Þetta var bænarnu, eins og krans af versum. Bænirnar hafði hún lært af mómmu sinni sem aftur hafði lært þær af mómmu sinni og barna voru bein tengsl alveg aftur á 18. öld. Í mörgum af þessum versum er minnst á dauðann. Í einu segir: Vaktu, minn Jests, vaktu í mér / vaka láttu mig eins í þér. / Sálín vaki, þá sofnar líf, / sé hún ætíð í þinni hlíf.



„Maðurinn á vera á bandi lífsins og þar eru bestu meðulin trúin, vonin og kærleikurinn,“ segir Karl sem tekur veikindum sínum af miklu æðruleysi. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Og fleiri svona vers. Þarna er til dæmis eitt mjög fornt sem væri örugglega bannað að hafa fyrir börnum í dag: Og þá lífsglasíð er /útrunnið fyrir mér, / þó ég skál dauðans drekki, / Drottinn, slepptu mér ekki ...

Þetta skildi ég náttúrlega ekki sem barn og lagði enga merkingu í versin. Þetta voru bara orð sem var farið með og ég lærði og þau settust í vitundina og fylgdu mér inn í svefninn sem farvegur öryggis, æðruleysis og friðar. Svo löngu síðar á ævinni koma þessi orð til mín og ég átta mig á því: Já, þetta er náttúrlega listin að deyja – það er að temja sér æðruleysi, kveðja daginn og mæta nóttinni í öryggi. Þetta er listin að lifa og þá um leið listin að kveðja, þegar þar að kemur. Það er ekki það að gefast upp. Nei. Það er innbyggt í manneskjuna, og allt sem lifir, að berjast á móti dauðanum og öllu því sem hamlar lífi og hindrar heilsu og velferð. Maðurinn á að vera á bandi lífsins og þar eru bestu meðulin trúin, vonin og kærleikurinn.

Ráðgátur þjáningarinnar eru yfirþyrmandi. Og þeim ber okkur að mæta með auðmýkt. Við eigum svo sjaldan fullnægjandi svör. En við erum kölluð til að lifa lífinu lífandi, mæta með æðruleysi því sem að höndum ber, hugrekkí, kjarki til að takast á við það sem ógnar lífi og heill, og vísu og dómgreind í öllu. Þetta getur enginn tileinkað sér sjálfur, þetta eru gjafir Guðs anda.“

Þegar kemur að dauðanum ertu þá algjörlega sannfærður um að það sé lífeftir hann?

„Já, ég er það. Það er mín kristna trú og grundvallandi lífsafstaða, en hvernig það lifir er veit ég ekki.

## PEGAR SPURT ER UM LÍFS- LÍKUR ÞÁ ER EINHVER TÖL- FRÆÐI OG Í MÍNU TILVIKI KEMUR HÚN ÁGÆTLEGA ÚT, EN MANNESKJAN ER EKKI TÖLFRÆÐI.

Ég held að manni sé ekki ætlað að vita það, frekar en föstur í móðurkviði veit um heiminn fyrir utan. Eg treysti því og er fullviss um að það verður hlýr faðmur, birta og friður sem mættir manni þar þegar maður þarf að stiga það skref. Auðvitað kemur þessi stund fyrir eða síðar hjá mér og þér og öllum að dauðinn kveður dyra og segir: Nú er þín stund komin. Ég bara vona og bið þess að þegar sú stund kemur þá sé ég tilbúinn að kveðja og sleppa. En ég vil ekki vera að velta mér upp úr því. Nú er ég að njóta lífsins og hvernig stundar og þakka fyrir það.“

**Manneskjan er ekki tölfræði**  
Ertu bjartsýnn á að þú hafir betur í þessari baráttu?

„Þegar spurt er um lífslíkur þá er einhver tölfræði og í mínu tilvikum kemur hún ágætlega út, en manneskjan er ekki tölfræði. Það var eins og læknir sagði einhvern tímann

endur fyrir löngu: Lungnabólga endar yfirleitt með dauða og það gerir lífið líka. Ég gæti lifað góðu lífi í mörg ár með þennan sjúkdóm en ég gæti dottið niður dauður úr einhverju öðru á morgun. Ég velti mér ekki upp úr þessu út af fyrir sig. Ég lit á þetta sem eitt af lífsverkefnum. Ég fékk þessi veikindi í fangið og verð að vinna úr þeim, að takast á við þau, þótt ég hafi svosem ekkert beðið um það.

Svo kem ég inn á Landspítalann til að fara í mína meðferð. Þar er frábært fólk að vinna stórkostlegt starf við aðstæður sem eru alls ekki góðar. Þarna sé ég, hitti og sit við hliðina á fólki sem er að því er virðist í vonlausu og siendurteknu stríði. Þarna sér maður ungt fólk með fjölskyldu og miklar skuldbindingar sem er að takast á við mikil veikindi. Það eru gríðarlega margar kraftaverkasögur út um allt af fólki sem sigrast á slíkum aðstæðum en það eru líka miklar harmsögur. Margt lætur undan og brotnar þegar fólk þarf að ganga í gegnum svona lagað. Gamall maður eins og ég sem er hættur störfum hefur svosem ekkert annað að gera.“

**Trúin er haldreiðið**

Karl er reyndar alls ekki gamall maður þótt hann haldi öðru fram, 71 árs. Meðferðin hefur vitanlega tekið á, bæði andlega og líkamlega og Karl missti hárið, sem er þó farið að vaxa aftur. „Ég verð var við það þegar ég fer út og hitti fólk sem þekkir mig að því bregður við að sjá mig svona útlits. Um daginn hitti ég konu sem ég hef þekkt lengi en ekki séð í rúmt ár. Ég heilsaði henni, afskaplega ánægður að sjá

## ÞARNA SÉR MAÐUR UNGT FÓLK MEÐ FJÖLSKYLDU OG MIKLAR SKULDBINDINGAR SEM ER AÐ TAKAST Á VIÐ MIKIL VEIKINDI.

hana, en hún horfði tortryggin á mig og spurði svo konu mína: Hver er þessi maður?“

Spurður um framhaldsmeðferð segir Karl: „Ég er undir eftirliti og verð áfram í hormónameðferð, það þarf að bremsa þetta af því þetta hverfur ekki. Sú meðferð gerir að verkum að ég er ekki eins orkumikill en nú er ég að reyna að byggja upp þrekið, sem hefur minnkað mjög. Ég er enginn íþróttamaður en ég geng. Þetta er bara spurning um að kyla sig áfram og draga sig upp á hárinu, það er að segja ef maður hefði nú eitthvert hárl!“

Karl segir trúarvissuna hjálpa sér í baráttunni við veikindin. „Ég veit ekki hvernig ég færi að annars. Trúin er haldreiðið. Ég les alltaf mikið Davíðssálmana, þeir hafa verið mér eins og öðrum ómetanleg uppspretta huggunar. Þeir rúma allar tilfinningar, bæði öryggið og friðinn en líka reiðina og óttann,

tilfinningar sem maður vill ekki kannast við og reynir að bægja frá sér. Þar er þetta sagt og það er gott að lesa það, hugleidda og kunna: „Þótt ég fari um dimman dal óttast ég ekkert illt, því að þú ert hjá mér.“ Þetta eru orð sem bera mann uppí. Og svo bænaversin gömlu, farvegir friðar og æðruleysis.

Trúin er ekki nema að vissu leyti, kannski að litlu leyti, á rökhyggju-plani. Hún byggir á trausti, því grundvallartrausti að vera í góðum höndum og allt fari vel þrátt fyrir allt. Hlutirnir geta farið allavega, það getur allt mögulegt gerst en á bak við þetta, yfir og allt um kring er sá máttur sem Kristur birtir okkur, sem er hjá okkur líka í dauðanum. Mikilvægustu lyklnir að æðruleysi trúarinnar eru undrunin og þakklætið, það er að taka ekki lífinu, gæðum þess sem sjálfsgöðum hlut, það er gjöf sem við megum þiggja, en ekki réttur sem við eigum kröfu til. Það er ekkert sjálfsgött, líf, heilsa, gæfa er ekkert sjálfsgött, allt sem máli skiptir í lífinu þiggjum við af öðrum, því ætti maður að temja sér þakklæti til Guðs og manna. Með þeirri afstöðu til lífsins er líka auðveldara að skila því af sér þegar sá tími kemur. Og þakklætinu fylgir bæn um fyrirgefningu, að sættast við Guð og menn.

Þótt við séum að tala svona þá hef ég lítið verið að hugleidda dauðann, að ég sé í dauðastríði, svo ég endurtaki það. Ég hef það bara ágætt. Ég vil ekki sjá mig sem sjúkling, ég er í ákveðnu prógrammi og finnst ég vera í góðum höndum hjá lækninum sem vita allveg hvað þeir eru að gera. Og svo nýt ég svo mikillar gæfu, umvafinn ást og umhyggju allar stundir.“

## CLEVELAND

Hornsófi með tungu.  
Hægri eða vinstri tunga. Dökk- eða ljósgrátt áklæði. Stærð: 308 x 140/203 x 81 cm

**15%**  
AFSLÁTTUR

**152.992 kr.** ~~179.990 kr.~~



## CONNECT

Tungusófi. Hægri eða vinstri tunga. Slitsterkt áklæði, antrazit. Stærð: 230 x 160 x 88 cm

**30%**  
AFSLÁTTUR

**118.993 kr.** ~~169.990 kr.~~

L A B O Y | *Your life. Comfortably.*



## CLEVELAND

Tungusófi. Hægri eða vinstri tunga. Dökk- eða ljósgrátt slitsterkt áklæði. Stærð: 231 x 140 x 81 cm

**25%**  
AFSLÁTTUR

**86.243 kr.** ~~114.990 kr.~~



## PINNACLE

Brúnt, dökkbrúnt, hvítt, svart eða vínrátt leður á slitflötum. Stærð: 84 x 90 x 100 cm

**30%**  
AFSLÁTTUR

**125.993 kr.** ~~179.990 kr.~~



## FRIDAY

Tungusófi, hægri eða vinstri tunga. Dökkgrátt eða brúnt slitsterkt áklæði. Stærð: 260 x 170 x 87 cm

**15%**  
AFSLÁTTUR

**144.492 kr.** ~~169.990 kr.~~



**35%**  
AFSLÁTTUR

## LEEDS

Hægindastóll. Svart sléttflaui. Stærð: 73 x 81 x H: 77 cm

**58.494 kr.** ~~89.990 kr.~~



furninova

**25%**  
AFSLÁTTUR

## MILANO

3ja sæta sófi. Stærð: 236 x 93 x 85 cm

Svart Fantasy leður

**284.993 kr.**  
~~379.990 kr.~~

Grátt Nappa leður

**359.993 kr.**  
~~479.990 kr.~~

## MILANO

2ja sæta sófi. Stærð: 166 x 93 x 85 cm

Svart Fantasy leður

**224.993 kr.**  
~~299.990 kr.~~

Grátt Nappa leður

**284.993 kr.**  
~~379.990 kr.~~



**25%**  
AFSLÁTTUR

Reykjavík 10 – 18 virka daga  
Bíldshöfði 20 11 – 17 laugardaga  
13 – 17 sunnudaga

Akureyri 10 – 18 virka daga  
Dalsbraut 1 11 – 16 laugardaga

Ísafjörður 10 – 18 virka daga  
Skeiði 1

www.husgagnahollin.is  
558 1100

# HELGAR SPRENGJA

FRÁ FÖSTUDEGI TIL MÁNUDAGS, 17.-20. ÁGUST



**RIA**  
Nettir og einstaklega þægilegir tveggja og þriggja sæta sófar. Litir: Dusty Rose (sléttflauei) og slitsterkt dökkgrátt og grænt áklæði.

2ja sæta: 152 x 83 x 79 cm

**48.993 kr.** ~~69.990 kr.~~

3ja sæta: 192 x 83 x 79 cm

**55.993 kr.** ~~79.990 kr.~~

**30%**  
AFSLÁTTUR

**ZOOM**  
Eldhúsborð, hvítt eða svart.

Stærð:  
120/186 x 80  
H: 74 cm.  
Tvær 33 cm  
stækkanir fylgja.

**25%**  
AFSLÁTTUR

**29.993 kr.** ~~39.990 kr.~~



**15%**  
AFSLÁTTUR

**CARINA**

Borðstofuborð, króm/hvítt.  
Stærð: 100 x 170/270 H: 74 cm

**93.492 kr.**  
~~109.990 kr.~~

**ALBERTA**

Borðstofustóll, grátt eða svart PVC áklæði.

**25%**  
AFSLÁTTUR

**6.743 kr.** ~~8.990 kr.~~



**LIF**

Borðstofustóll. Svart PU leður og ljósgrátt áklæði.

**30%**  
AFSLÁTTUR

**8.393 kr.** ~~11.990 kr.~~



**ASAMA**

Borðstofustóll, svart og hvítt PU leður.

**25%**  
AFSLÁTTUR

**10.493 kr.** ~~13.990 kr.~~



**CAZAR**

Skemmtilegur hægindastóll. Svart eða brúnt PU-leður eða grátt áklæði.

**25%**  
AFSLÁTTUR

**18.743 kr.** ~~24.990 kr.~~



# Allir liðir í stuði

Dansari ársins, Þyri Huld, náði skjótum bata eftir aðgerð og þakkar hún lifandi fæði fyrir. Hún heldur úti Instagram-síðu um mataræði sitt og opnar heimasíðu á næstu dögum.

Gunnþórunn Jónsdóttir  
gunnthorunn@frettabladid.is



Ég þyri Huld Árnadóttir dansari hjá Íslenska dansflokknum skellti sér til New York eftir aðgerð á krossbandi. Hún ákvað að nýta tækifærið þar sem að kærasti hennar var þar í námi. „Ég dreif mig bara með og fór í nokkurs konar endurhæfingu undir leiðsögn Gauta sjúkrahjálfa. Ég stundaði pilates og fleira og reyndi að finna leiðir til að ná mér fljótt. Ég vissi að ef ég væri að borða fæði sem væri bólguminnkandi, þá mundi krossbandið jafna sig fyrir.“ segir Þyri Huld Árnadóttir, dansari hjá Íslenska dansflokknum, en hún hlaut Grimuverðlaunin í ár fyrir besta dansara ársins, aðeins rúmu ári eftir aðgerð. „Ég varð þrítug á árinu og það voru ákveðin tímamót. Mig hefur alltaf langað að fara í detox svo ég ákvað að gera það barna að þessum tímamarki og gefa mér það í afmælisgjöf.“

Þyri kannaði ýmsa staði sem henni þóttu ákjósanlegir en endaði svo með að velja Ann Wigmore Natural Health Institute í Þúertó Ríko sem er nokkurs konar heilsuhæli. Á heilsuhælinu fer fram mikil hreinsun á líkamanum og lifandi fæði í hávegum haft. „Ég var líka búin að vera lengi með magavesen. Maginn blés alltaf út og ég skildi ekki hvað það var. Ég borðaði heilsusamlegan vegan mat og taldi mig vera í finu standi með mataræði. Ég hreyfði mig einnig mikið,“ segir Þyri sem hefur dansað í mörg ár. „Ég lenti líka í því að fá mikið af hormónabólum sem brutust út og mig klæjði mikið í þær. Ég reyndi alls konar hluti en ekkert virkaði á mig.“

Þyri segist strax hafa fundið mikinn mun eftir að hún fór að borða lifandi fæði. Hún segir það hafa verið magnað að horfa á örið eftir aðgerðina á krossbandinu gróa. Það fór frá því að vera rautt og upplýft í það að verða hvítt og hnuðarnir inni í örinu jöfnuðu sig fljótt.

„Maður þarf að vera meðvitaður um það að þetta er rosa strangt og maður er kannski ekki að fara að lifa svona alla ævi, ekki svona ýkt kannski. Engu að síður fann ég strax mikinn mun á mér og hef aldrei verið betri. Ég tek til dags því ég ekki nein vítamín inn í dag, þó ég passa að fá þau úr fæðunni.“

## Mataræðið skipir öllu máli

„Ég þakka alveg þessu mataræði stóran hluta af velgengni minni í dansinum. Ég hef líka auðvitað verið dugleg að æfa rétt en með þessu mataræði var ég að gefa líkamanum svo góða næringu til þess að vinna með. Líkaminn gat einbeitt sér að því að laga krossbandið því að meltingin var í lagi, meltingin er aðalmálið og gríðarlega mikilvæg. Auk þess lagaðist húðin og ég fæ ekki svona magakveisur lengur.“

Þyri segir það hafa verið gott að búa í New York um stund og mjög þægilegt hvað mataræði hennar varðaði. Hægt var að fá hveitigras

## ÉG HINS VEGAR MÆLI MED

### ÞVÍ AÐ PRÓFA AÐ BORDA

### SÚRKÁL MED MATNUM OG

### ATHUGA HVORT EINHVER

### MUNUR FINNIST EN SÚR-

### KÁLID HJÁLPAR LÍKAM-

### ANUM AÐ MELTA MATINN.

nánast á hverju horni og alls konar vörur og fæði sem hentaði vel en hveitigras er talið hafa mikinn lækningarmátt.

„Það eru spirur alls staðar úti. Þetta er svo gott fyrir líkaman því spirur eru svo stúffullar af næringu, þetta er byrjunin á lífi. Það er allt inni í þessu. Mér finnst þetta vera að breytast hér heima, skref fyrir skref fetum við okkur í þessa átt sem er frábært. Til dæmis fást alls konar spirur hjá Ecospiru og svo er einnig hægt að gera þetta heima hjá sér. Ég kaupi til dæmis frá einn hjá Ecospiru og læt þau spira sjálf. Þetta tekur bara um 3-4 daga og þá er bara til fullt af mat.“ segir Þyri.

## Súrkál og rejuvelak fyrir melt-inguna

Það var ekki meðvitað ákvörðun hjá Þyri að fara alfarið út í hráfæði en hún segir að hún hafi hægt og rólega breytt mataræði sínu. Í hráfæði er maturinn ekki hitaður því þá er hætt á að næringarefnið fari úr honum.

Gott sé að prófa sig áfram og taka eitt skref í einu. Það sem hentar einum henti kannski ekki öllum. „Það hentar kannski ekki öllum að borða einungis hráfæði en það er gott að setja þetta inn í fæðuna, maður finnur strax mun. Ég hins vegar mæli með því að prófa að borða súrkál með matnum og athuga hvort einhver þvinnur finnist en súrkálið hjálpar líkamanum að melta matinn.“ segir Þyri.

Í Ann Wigmore fræðunum eru þrjár uppskriftir sem er ákveðin grunnur, græn súpa, súrkál og rejuvelak safi sem er búinn til úr spiruðu kínoá. Það sem er svo gott við rejuvelak er að safinn inniheldur mikið af ensímum. „Við fæðumst með ensím líkamanum en þau fara sífellt minnkandi með mikild elduðum mat. Við vinnum svo lítið í því að byggja upp ensímum sem verður til þess að birgðirnar í líkamanum klárast. Þá fara að koma magaverkir og alls konar kvillar því við eigum erfitt með að melta fæðuna. Ensímum hjálpa líkamanum að brjóta niður fæðuna.“

Á næstu dögum opnar Þyri heimasíðu sína, [www.greenhyri.com](http://www.greenhyri.com), þar sem hún setur inn ýmsar uppskriftir og fræðandi upplýsingar um hráfæði.



Þyri Huld heldur úti Instagram-síðu undir nafninu [thyri\\_huld](https://www.instagram.com/thyri_huld) og opnar heimasíðu á næstu dögum. FRÉTTABLAÐIÐ/EYFÓR

## Græna súpa Þyri

Þyri gefur lesendum Fréttablaðsins uppskrift að sinni útgáfu af grænu súpunni. „Það eru þessar þrjár uppskriftir en svo er hægt að leika sér með þær. Ég er búin að prófa mína súpu og prófa mig áfram. Hún er alveg frábær og virkilega gómsælt, þó ég segi sjálf frá.“ segir Þyri og hlær.

„Ég er algjörlega háð þessu. Kanillinn setur algjörlega punktinn yfir í-ð. En í súpunna þarf að nota rejuvelak, og er það búið til úr spiruðu kínoá. Það er lítið mál að búa safann til. Kínoá er lagt í bleyti yfir nótt í krukku með spiruloki eða viskastykki. Morguninn eftir er vatninu hellt af og krukkan lögð á hlið í skugga. Fráein eru síðan skoluð morgna og kvöldsdag þar til þau fara að spira en það tekur um 2-3 daga. Þegar spiran er komin er vatni aftur hellt í krukku og látið liggja og síðan er kínoað sigtáð frá. Þá er rejuvelak tilbúið.“

1 lúka af linsubaunspirum  
1 lúka af kjúklingabaunspirum  
1 lúka af alfalfaspirum  
1 lúka af sölblómagrösom  
1 bolli rejuvelak



1 stilkur af selleríi  
2 stilkur af grænkáli  
½ lúka kóríander  
½ avokadó  
1 msk. söl  
1 msk. súrkál

til kekkjalaust og mjúkt.

1 epli  
½ msk. kanill

Skerið eplið í bita og setjið yfir grænu ofurbombuna, stráið síðan kanil yfir.

Allt sett í blandara og blandað þar



# Sírius Rúbínsúkkulaði



## Komið í verslanir!

Áttatíu ár eru frá því að ný súkkulaðitegund leit síðast dagsins ljós eða frá því að hvíta súkkulaðið var kynnt til sögunnar. Núi Sírius er með fyrstu súkkulaðiframleiðendum heims til að setja þetta fagurbleika súkkulaði á markað. Rúbínsúkkulaði er 100% náttúruleg afurð unnin úr rúbínrauðum kakóbaunum og er Sírius Rúbínsúkkulaðið framleitt í takmörkuðu magni.

  
NÓI SÍRÍUS



Christopher Koch segir að þegar öllu er á botninn hvolft getum við allt sem við viljum, með réttu hugarfari. Hress og hvetjandi maður hér á ferð. FRÉTTABLAÐID/SIGTRYGGUR ARI

# Lætur ekkert stöðva sig

Kanadamaðurinn Christopher Koch er kominn til landsins til að taka þátt í Reykjavíkumaraþoninu. Hann reynir við heilt maraþon, en það sem er ólíkt með honum og hinum almenna þátttakanda er sú staðreynd að Chris fæddist bæði handa- og fótalaus.

Gunnþórunn Jónsdóttir  
gunnthorunn@frettabladid.is



Þegar Christopher Koch kom í heiminn ákvað fjölskylda hans strax í upphafi að meðhöndla fötlun hans ekki sem eitthvað neikvætt og falla í sorg. Þess í stað var hugarfari fjölskyldu hans þess eðlis að Chris yrði alinn upp líkt og um heilbrigðan einstakling væri að ræða, enda höfuð í fullkomnu lagi.

„Amma mín sagði strax í upphafi að faðir minn, Bruce, hafi í raun aldrei klárað neitt sem hann byrjaði á. Fremur svartur húmor en þetta viðhorf varð til þess að ég get í hrein skilni sagt að það var auðvelt að vaxa úr grasi án útlíma. Fjölskylda mín, vinir og allir í bænum komu fram við mig líkt og aðra. Ég var settur í íþróttir og tók þátt líkt og önnur börn. Ég fæddist án handa og fóta og því verður ekki breytt, af hverju ekki að gera það besta úr því. Ég er heppinn að eiga góða fjölskyldu, við erum mjög nán,“ segir Chris í samtali við Fréttablaðið.

Chris er fæddur og uppalinn í Kanada í litlu búskaparsamfélagi í Nanton, Alberta. Fjölskylda hans er með búskap og hjálpar hann þar til á milli þess að ferðast um heiminn þar sem hann heldur hvetjandi fyrirlestra. Hann lærði sögu og heimspeki í háskóla í Ottawa og hefur einnig unnið mikið með stríðshetjum sem hafa misst útlími í Kanada, The War Amputations of Canada eða CHAMP.

Chris lenti á Íslandi í gær en daginn áður var hann staddur í Indiana í Bandaríkjunum þar sem hann talaði fyrir fjölda manns og í nóvember mun hann ferðast til Kína.

En hvers vegna Ísland?

„Ég hef ferðast víða um heim með



fyrirlestra mína og er heppinn að geta gert það. Það sem dró mig til Íslands er einfaldlega sú staðreynd að mig hefur alltaf langað til að koma hingað. Frænka mín og unusti hennar komu hingað fyrir nokkru síðan og ég hef séð ýmis myndbönd af landinu,“ segir Chris sem er spenntur fyrir maraþoninu sem er hans sjötta um ævina.

## Að hika er sama og að tapa

„Ég er líka að reyna að finna mér eitthvað krefjandi að gera í hversdagslífinu. Mér finnst tilgangur lífsins vera að hafa gaman og njóta þess að vera til. Ég er mun hræddari við það að finna fyrir eftirsjá heldur en hræðsluna sjálfa. Ég vil ekki hika eða reyna að tala mig út úr því að framkvæma hluti. Frekar vil ég gera eitthvað og mistakast heldur en að sleppa því. Það væri vond tilfinning að lita til baka og sjá eftir því að hafa

ekki að minnsta kosti reynt.“

Fyrir í sumar fékk Chris þá hugmynd að ferðast frá heimili sínu í vestari hluta Kanada, Calgary, til austasta hluta Kanada, St. John's á Nýfundnalandi, sem er um 6.338 km leið. Það eina sem hann tók með sér var hjólabrettið og bakpokinn og hann þurfti alfarið að stóla á okunnuga til að hjálpa sér áleiðis.

Þetta hlýtur að hafa verið heljarinnar ferðalag. Hvernig gekk að stóla á okunnuga?

„Þar sem ég trúi á það góða í fólki þá fór ég af stað í ferðalagið með miklar væntingar. Samt sem áður sló ferðin allar minar væntingar út. Fólk er svo magnað. Ég fékk far og hjálp frá alls konar fólki. Aðrir skildu eftir falleg skilaboð á samfélagsmiðlum og fylgdust með för minni. Þetta var æðisleg ferð.“

Hefurou sett þér markmið fyrir maraþonið?



## ÉG VIL EKKI

## HIKA EÐA

## REYNA AÐ TALA

## MIG ÚT ÚR

## ÞVI AÐ FRAM-

## KVÆMA HLUTI.

## FREKAR VIL ÉG

## GERA EITTHVAÐ

## OG MISTAKAST

## HELDUR EN AÐ

## SLEPPA ÞVI.

Chris æfði ýmsar íþróttir sem barn og er ennþá mikill íþróttamaður.

„Ég ætla að reyna að fara þetta á fjórum og hálfum tíma, en ef ég verð fimm og hálfan á leiðinni þá er það bara fint. Ef ég slæ sjálfmet þá er það frábært líka. Ég veit allavega að ég mun njóta mín, ansi snjöll leið til að kynna borgirni, að fara 42 kílómetra í kringum hana. Ég mun líklega verða lengur á leiðinni því ég verð líklega að lita svo mikið í kringum mig.“

Miðað við tímamarkmið Chris má ætla að hann fari á svipuðum hraða og heilbrigður maður. Chris fer maraþonið á hjólabretti. Hægra megin hefur Chris fót sem hefur þroskast að hluta sem hann notar til að yta sér áfram á brettinu og notast hann við makkasíu sem er með sérstöku botni. „Í brekkum er það mikil vinna en niður brekkur er það töluvert auðveldara,“ segir Chris og hlær. „Þetta er ansi góð líkamsrækt fyrir mig, hún er örðuvísi fyrir mig heldur hinn venjulega hlaupara. En ég er ekki að reyna að slá eitthvert hraðamet eða ná betri árangri en aðrir. Ég er bara að gera þetta fyrir sjálfan mig og ætla að njóta þess.“

Þú ert hvetjandi fyrir annað fólk, en hvað er það sem hvetur þig áfram?

„Að hafa tækifæri til að ferðast um heiminn og hitta nýtt fólk og að láta ekkert standa í vegi fyrir því. Ég hef hitt frábært fólk í gegnum tíðina og það sem heillar mig og veitir mér innblástur er gæska fólks. Ég vil láta gott af mér leiða og vera góður við aðra. Ég tek þátt í þessu maraþoni og ógra mér í leiðinni. Kannski er það eitthvað sem getur veitt öðrum í svipaðri stöðu eða með einhvers konar fötlun innblástur og hvatningu til að gera slíkt hið sama. Þegar öllu er á botninn hvolft þá getum við gert allt sem við viljum með réttu hugarfari.“

Stoppioð á Íslandi verður svoltið stutt í þetta skipti en Chris heldur úr landi á mánudag. Hann ætlar þó að nýta sunnudaginn í það að ferðast aðeins um en stefnir á að koma aftur hingað fljótlega, náttúrunnar vegna en ekki sist til að hitta fólk. „Það er fólkið sem gerir afgangastaði áhuga-verða. Gott fólk er gulls ígildi,“ segir Chris að lokum.

Nýr Opel

# GRANDLAND X

Opel Grandland X rúmgóður sportjeplingur á frábæru verði þar sem þægindi, hátækni og lúxus er staðalbúnaður. Þýsk gæði, þýsk hönnun, þýsk hagkvæmni.

Reynsluaktu Opel og þú gætir unnið Opel Karl til afnota í heilt ár



Grandland X Enjoy 1,2L MT 130ha  
Verð: 3.990.000 kr.

Frumskýningartilboð:

**3.790.000 kr.**

Nýttu þér frábær kjör áður en verð á nýjum bílum hækkar vegna fyrirhugaðra reglugerðabreytinga



THE FUTURE IS EVERYONE'S

Kynntu þér Opel Grandland X og bókaðu reynsluakstur á [grandland.opel.is](http://grandland.opel.is)

Sýningarsalur  
Krókháls 9, Reykjavík, 590 2000

Opnunartímar  
Virka daga 9-18  
Laugardaga 12-16

Bílaþö  
**Benna**



## Ævintýrin í Suðaustur-Asíu

Chris hélt fyrirlestur í Ástralíu fyrir um fjórum árum og kynntist þar ljósmyndaranum Anne Tenne. Hún bauð honum að hafa samband við sig ef hann hefði áhuga á að ferðast til Suðaustur-Asíu þar sem hún myndi mynda hann í ferðalaginu.

„Ég hef svo mikla unun af því að ferðast að mér leist vel á hugmyndina. Svo hringdi hún í mig aðeins tveimur

dögum seinna og spurði hvort ég væri ekki bara til í að fara strax. Ég sló til og við ferðuðumst saman á þessum slóðum í sex vikur,“ segir Chris.

Chris segir að það hafi komið sér á óvart hvað það voru margir fatlaðir sem áttu um sárt að binda. „Aðstæður eru ekki nógu góðar fyrir fatlað fólk. Ég fékk hugmynd að verkefnum þarna og er spenntur að snúa aftur.“



## Hvatning frá fjölskyldunni

Þrátt fyrir að hafa enga útlimi fékk Chris aldrei neina sérmeðferð á sínu heimili. Hann æfði götuhoikki, skíði, golf og körfubolta og kom sér í alls konar vandræði í skólanum, líkt og önnur börn. Hann hjálpaði einnig til í búskapnum hjá afa sínum. „Ég þurfti að gera hlutina aðeins öðruvísi en aðrir og framkvæmdi kannski á aðeins lengri tíma en ég kom hlutum í verk. Ég hef átt fremur eðlilegt líf.“



**ÉG ÞURFTI AÐ GERA  
HLUTINA AÐEINS  
ÖÐRUVÍSI EN AÐRIR  
OG FRAMKVÆMDI  
KANNSKI Á AÐEINS  
LENGRI TÍMA EN ÉG  
KOM HLUTUM Í VERK.**

# LEÓK

LAUGARDAGUR 18. AGÚST 2018

## Helgin



Hrafnhildur Sigmarsdóttir segir nauðsynlegt að eiga sér vin í hversdeginum. Hún hefur komið sér vel fyrir í fallettri íbúð í Bryggjuhverfinu. Myndir sem hún birti á Skreytum hús vöktu athygli. [helgin](#) ➔8



Nanogen hárvörurnar hafa vakið athygli fyrir mikla virkni og góðan árangur sem skila sér í fallegu, þykkara hári. Vörurnar gefa hárinu auk þess meiri lyftingu.

## Þykkara og heilbrigðara hár með Nanogen

Nanogen hárvörurnar innihalda virk efni sem örva og viðhalda heilbrigðum hárvexti og hjálpa til við að halda hárinu heilbrigðu og fallegu. Virkni Nanogen hárvöranna hefur verið vísindalega staðfest og formúlan er einkaleyfisvarin. ➔2

FYRIR OKKUR



Sérvalið fyrir íslenskar aðstæður.  
Kynntu þér úrvalið á [gutimidinn.is](#)



**H**árlós getur hent okkur öll og orsökina er ekki alltaf þekkt en algengt er þó að hármissi megi rekja til veikinda, mikils álags, vandamála með skjaldkirtil, lyfjameðferða og barnsburðar. Einnig skiptir miklu máli hvernig við hugsum um hárið, t.d. hvernig það er þurrkað og greitt, hvort hitamótunartæki eru notuð og hvort það er litað. Góðu fréttirnar eru þó, að oftast getur hárið vaxið aftur og við tamið okkur betri hárumhirdu til að styðja við hárvöxtinn," segir Karen Elva Smára-dóttir, markaðsstjóri hjá CU2 sem flytur inn Nanogen hárvörurnar.

**Heildstæð hárlína**

Nanogen hárvörurnar eru heildstæð lína sem inniheldur virk efni sem örva hárvöxt og hjálpa okkur að halda hárinu heilbrigðu og fallegu. Virkni varanna hefur verið vísindalega staðfest og formúlan er einkaleyfisvarin.

Hárið hefur ákveðinn hárvaxtarhring en um leið og eitt hárd deyr byrjar annað að vaxa í þess stað. Nanogen formúlan virkar á þrjá vegu og hefur þannig áhrif á þennan vaxtarhring. Formúlan gefur hársökkjunum skilaboð um að örva hárvöxt þannig að:

1. Ný hármýndast hraðar og koma í stað deyjandi hára.
2. Hvert hárd er lengur í vaxtarfasa sem þýðir að það lifir lengur og nær meiri sídd en ella.
3. Aukin kollagenframleiðsla við röt hársins minnkar hárlós með bættri festu við hársvörðinn.

**Það hefst allt með réttum hárvott**

„Það skiptir höfuðmáli að þvo hárið ekki of oft til að stripa það ekki af sínum náttúrulegu olíum. Það ætti að nægja að þvo hárið á tveggja til þriggja daga fresti, sama hvernig hártægundin er. Þó þarf að hafa í huga að litað eða mikið efna-meðhöndlað hárd þarf lengri tíma milli þvotta. Ef þú ert í vandræðum með að bíða svo lengi er gott að nota þurrsjampó síðasta daginn fyrir þvott," upplýsir Karen.

Nanogen hárvaxtarþjampó inniheldur virk efni sem örva hárvöxt eins og t.d. salísílsýru, beta-glucan og pea sprout. Sjampóið gefur einnig einstaka lyftingu strax eftir fyrsta þvott og fjarlægir á áhrifaríkan hátt óhreinindi sem hafa safnast upp í hársverðinum. Það inniheldur hvorki súlföt, sílikón né alkóhól.

Þegar þú þværð hárið skaltu bleyta það vel með volgu vatni en of heitt vatn getur haft skaðleg áhrif á bæði hárd og hársvörð. Þegar hárið er orðið vel blautt skaltu nudda sjampóið varlega í hárið og einbeittu þér að rótum þess. Gott er að taka smá tíma í að nudda hársvörðinn til örva blóðflæðið. Aukið blóðflæði til hársökkjanna þýðir meira af súrefni og næringu til að hjálpa hárinu að vaxa og styrkjast. Eitt af lykilatriðum í hárvotti er að þvo hárið með sjampói tvisvar í hvert skipti, fyrra skiptið er til þess að þvo burt leifar af hármótunarfnum og öðrum óhreinindum úr hárinu og seinna skiptið er til að hreinsa hárið sjálft.



Nanogen hárvörurnar innihalda virk efni sem örva hárvöxt og halda hárinu heilbrigðu.

Formúla Nanogen er einkaleyfisvarin.

Nanogen hárvaxtarþjampó inniheldur virk efni sem örva hárvöxtinn.



Virknir Nanogen linunnar hefur verið vísindalega staðfest.



Hámarkaðu árangurinn með hárvaxtarþjampó þinni í Nanogen Growth Serum.

**Ekki gleyma næringunni**

Eftir hárvott er borin góð raka-gefandi hárnæring í hárið en konur með fingert og/eða þunnt hárd sleppa gjarnan þessu skrefi til að forðast að þyngrja hárið. Með því móti fær hárið ekki þá næringu og raka sem það þarf og getur orðið rafmagnað og viðkvæmt fyrir fífla og sliti. Í stað þess að sleppa hárnæringunni er betra að leita eftir næringu sem er sérstaklega ætluð fingerðu hári og er merkt sem þykkjandi eða lyftandi.

Til að gefa hárinu auka ást og trygga að það fái nægan raka og næringu er gott að nota djúpnæringu einu sinni í viku en hún er notuð eftir sjampó og fyrir hárnæringu. Eftir hárvottinn er gott að skola hárið með köldu vatni til að loka inni allan raka og næringu.

**Hámarkaðu árangurinn**

Hárvaxtarþjampóinn í Nanogen linunni, Nanogen Growth Serum, inniheldur mesta magn hárvaxtarþátta sem í boði eru og blöndu peptíða og þykkisni.

Þú berð einfaldlega 1 ml af blöndunni handahófskennt í þurrar hársvörð einu sinni á dag. Ein flaska er mánaðarskammtur af þessu undraefni.

**Fáðu enn meiri fyllingu**

Ef þú vilt enn meiri lyftingu eftir hárvott getur þú notað Nanogen rötárliftingsþjampó en auk þess að gefa meiri fyllingu í hárið inniheldur það keratín, niacínamide (b3-vítamín) og koffín sem virka saman til að örva hársökkina og gefa þeim um leið raka og styrk. Spreyið má nota bæði í blautt og þurr hárd en ef þú

kýst að blása hárið þá þarftu ekki að hafa neinar áhyggjur því það veitir hárinu einnig vörn gegn hitanum.

**Á meðan hárið vex**

Það getur verið erfitt að bíða eftir nýju hárunum en meðan á Nanogen meðferðinni stendur getur þú notað Nanogen hárvaxtarþjampóinn og hárvöxtþjampóinn til að tryggja hárvöxt þinn.

treffjarnar. Hártreffjar eru smáar agnir sem stráð er yfir vandamála-svæði og bindast agnirnar við þitt eigið hárd svo það virkar þykkara og meira um sig.

Kynntu þér möguleika Nanogen vörulinunnar á næsta sölustað. Nanogen vörurnar fást í apótekum, Heimkaup.is og beautybox.is



Góður og grænn drykkur sem er heilsusamlegur að auki. Til að „poppa drykkinn upp“ má til dæmis bæta við kanill, túrmerik, hörfræ eða chiafræ, smá epladjúss eða tveimur dóólum til að sæta aðeins.

# Margt smátt gerir eitt stórt

Að breyta lífsstílnum er langtímavinnna sem best er að skipta niður í mörg lítil og viðráðanleg verk-fni. Með þrautseigju og hjálp meltingarensíma og mjólkursýrugerla verður það árangursríkara.

**A**ð liða vel í eigin skinni og vera sáttur við sjálfan sig er eftirsóknarvert en við eigum kannski misauðvelt eða erfitt með að komast á þann stað. Þegar við viljum bæta heilsufar og vellíðan almennt er gott að huga vel að nokkrum grundvallaratriðum sem geta skipt sköpum varðandi árangursríkt framhald.

## Jafnvægi á líkama og sál

Það skiptir öllu máli að andleg líðan sé góð en þegar við erum ekki í góðu jafnvægi getur verið erfitt að koma mataræðinu í gott horf og svo öfugt. Við verðum að fara yfir nokkra þætti sem skipta okkur öll miklu máli og finna har þarf að laga hlutina til að vera í jafnvægi en þetta eru atriði eins og:

- Sambönd (hjólaband, fjölskylda og vinir)
- Atvinna – erum við sátt?
- Fjármál / fjármálaáhyggjur
- Hreyfing
- Andleg líðan

Samhlíða skoðum við svo mataræðið og fyrstu skrefin þar snúast alltaf um það að taka út óæskilega næringu eins og sykur, unna matvöru og þau matvæli sem valda vanlíðan ásamt því að koma reglu á máltíðir.

## Meltingin er grunnurinn

Nýjustu rannsóknir staðfesta alltaf betur og betur hversu mikilvægt það er að hafa meltingarfærni í lagi og hvaða áhrif þarmaflóran hefur bæði á líkamlega og andlega líðan. Að auki leikur hún stórt hlutverk í að viðhalda öflugri ónæmiskerfi. Við þurfum að geta brotið fæðuna vel niður til að næringarefni frásogist en til þess að það gerist þarf þarmaflóran að vera í jafnvægi. Meltingarfærni eru því það fyrsta sem við þurfum að huga að til að geta nærst vel því um leið og upptakan er góð og við skilum frá okkur eðlilegum hæðum kemst betra jafnvægi á og við höfum stigið stórt skref í átt að heilbrigðara



lífi. Það má líkja þessu við að við séum að byggja hús og við byrjum á grunninum. Því traustari og betur gerður sem grunnurinn er, þeim mun auðveldara verður að byggja ofan á þannig að allt haldi vel.

## Góður og grænn á morgnana

Til að koma sér af stað á morgnana getur hentað vel að gera sér góðan grænan drykk fullan af næringarefnum og trefjum sem er gott fyrir meltinguna. Vel samsettur drykkir hafa líka jákvæð áhrif á blóð-sykurinn og hjálpa í baráttunni við sykurlúkann. Það þarf ekki að vera flókið að skella í góðan drykk og tekur varla meira en 2-3 mínútur.

## Grænn og vænn

**1 lúka blönduð græn blöð, spinat eða grænkál**

**½-1 bananí (má vera frosinn)**

**1 bolli frosið mangó eða ananas**

**1-2 cm engifer**

**Smá sitrónusafi**

**1,5 bolli vatn eða t.d. möndlu- eða haframjól**

Ýmislegt má svo nota til að „poppa drykkinn aðeins upp“ en það getur verið smá kanill, túrmerik, 1 msk. hörfræ eða chiafræ, smá epladjúss eða tvær dóólur til að sæta aðeins. Berjadrykkir eru líka góðir og um að gera að finna hvað hentar.

## Þreyta eftir máltíðir

Ensim eru nauðsynleg í öllum efnaskiptum í líkamanum en í hrau fæði eru ensim sem verða óvirk við eldun. Þegar við borðum eldaðan og unninn mat notar líkaminn orkuna til að finna og flytja ensim til meltingarvegarins – hver hefur ekki fundið fyrir þreytu eftir stórar máltíðir? Með hækkanði aldri gerist það líka að framleiðsla ensima í líkamanum minnkar en ensimaskortur getur lýst sér í eftirtöldu:

- Brjóstsviði
- Vindverkir
- Uppþemba
- Kvíðverkir & ógleði
- Bólur
- Nefrenslí
- Höfuðverkur
- Skapsveiflur
- Liðverkir
- Hüðkláði
- Hüðroði
- Svefnleysi

Það er alltaf mikilvægt að borða „lifandi fæðu“ eins og grænmeti og ávexti með elduðum mat og fjölmargir hafa einnig fundið lausn í að taka inn meltingarensim til að auðvelda líkamanum verkið og



„Meltingarensimin frá Enzymedica eru tekin inn með mat og hafa losað fólk við ótrúlegustu óþægindi og aukíð orku til muna.“

nýta fæðuna betur. Þetta er einnig grundvallaratriði í átt að heilbrigðari lífsstíl. Meltingarensimin frá Enzymedica eru tekin inn með mat og hafa losað fólk við ótrúlegustu óþægindi og aukíð orku til muna. Aðferð við vinnslu á ensim-unum kallast Thera-Blend og er það einkaleyfisvarin aðferð sem gerir þeim kleift að vinna á mismunandi pH- gildum í líkamanum og gerir þau 5-20 sinnum öflugri en önnur meltingarensim.

## Aukið heilbrigði fyrir alla

Fyrir utan bæði D-vítamín og Omega-3 fitusýrur sem er okkur lífsnauðsynlegt að taka inn í formi bætiefna eignum við að taka inn öflugra mjólkursýrugerla. Það er stöðugt álag á meltingunni og atriði eins og streita, lyf, áfengi, sykur og koffein sem geta valdið því að hvorki meltingin (í maganum) né þarmaflóran er í nógu góðu jafnvægi. Bio-Kult mjólkursýrugerlarnir eru mjög öflugir fyrir þarmaflórana og efla ónæmiskerfið en Bio-Kult Candéa inniheldur auk 7 gerlastofna hvítlauk sem er bakteríudrepandi og öflugur fyrir ónæmiskerfið og GSE (Grapefruit Seed Extract) sem inniheldur öflug efnasambönd sem vinna gegn fjölmörgum bakteríutegundum, veirum og sveppum og þá sérstaklega Can-

didá-svepp sem margir kannast við.

## Ávisun að betri líðan

Gott er að stefna inn í sumarið með smá aðgerðaplán að vopni. Tökum út sykurlúkan til að byrja með og hugum svo að mataræðinu ásamt því að fara almennt yfir líðan okkara í leik og starfi. Hér eru svo nokkrar þumalputtareglur sem hægt er að hafa til hlíðsjónar en það er allt hægt ef viljinn er fyrir hendi.

- Borðum hreina fæðu
- Borðum árstíðabundið
- Borðum mat sem við þolum
- Borðum reglulega, ekki eftir kvöldmat
- Eldum frá grunni
- Áfengi í hófi
- Sykur í hófi
- Sleppum unnum matvællum og forðumst viðbættan sykurlúka
- Drekkum vatn
- Sofum nóg
- Forðumst streitu
- Hreyfum okkur – ferskt loft
- Ræktum sálina

## Skoðum okkur ekki bara í speglinum, líka innviði:

- Hjólaband
- Vinna
- Fjármál
- Félagslíf o.fl.

# Fílar sig best sem seiðkarl

